

Nefndarálit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007.

Frá meiri hluta fjárlaganefndar.

Störf nefndarinnar við afgreiðslu frumvarpsins hafa verið með hefðbundnum hætti. Nefndin hóf störf 25. september sl. og átti viðtöl við fulltrúa sveitarfélaga sem gerðu henni grein fyrir erindum sínum. Þá hefur nefndin kallað fyrir fulltrúa ráðuneyta og einstakra stofnana.

Frá því að nefndin hóf störf við afgreiðslu frumvarpsins hefur hún haldið 28 fundi og átt viðtöl við fjölmarga aðila. Fulltrúar frá fjármálaráðuneyti komu á fund nefndarinnar til viðræðna um tekjuhlið frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa getur fjárlaganefnd vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með bréfi dags. 5. október sl. óskaði nefndin eftir álitum fastanefnda þingsins um þá þætti frumvarpsins sem varða málefnasvið hvernar um sig. Nefndirnar hafa skilað álitum og eru þau birt sem fylgiskjöl með nefndarálitinu eins og fyrir er mælt í þingsköpum.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem henni bárust. Breytingartillögur þær sem eru til umfjöllunar við 2. umræðu nema samtals 9.564,5 m.kr. til hækkunar á sundurliðun 2.

Hér verður fyrst gerð grein fyrir meginbreytingum sem varða tekjuhlið frumvarpsins. Þá er gerð grein fyrir þeim breytingum sem lagt er til að verði gerðar á sundurliðunum.

Í endurskoðaðri tekjuáætlun efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að tekjur verði 376.413,7 m.kr. sem er 3.058,9 m.kr. hækkun frá frumvarpinu. Tekjujöfnuður verður um 8.999,2 m.kr. sem er lækkun um 6.505,6 m.kr.

Meiri hlutinn þakkar fulltrúum stjórnarandstöðunnar í nefndinni fyrir mjög gott samstarf. Þá hefur nefndin notið aðstoðar Ríkisendurskoðunar og fjármálaráðuneytis. Einnig hafa einstök ráðuneyti veitt nefndinni upplýsingar og aðstoð.

SKÝRINGAR VIÐ EINSTAKAR BREYTINGARTILLÖGUR

00 Æðsta stjórn ríkisins

Lagt er til að fjárheimild æðstu stjórnar ríkisins verði aukin um 173,9 m.kr.

201 Alþingi.

1.03 Fastanefndir. Gerð er tillaga um 12 m.kr. varanlega fjárveitingu til að styrkja starfsemi fastanefnda Alþingis. Annars vegar eru 7,5 m.kr. til að gera fastanefndum kleift að sinna alþjóðlegu samstarfi og fræðslustarfi og hins vegar 4,5 m.kr. til að auka svigrúm til aðkeyprar sérfræðiþjónustu fyrir fastanefndir Alþingis.

1.06 Almennur rekstur. Gerð er tillaga um 12 m.kr. varanlega hækkun almenns rekstrar Alþingis. Annars vegar eru 7 m.kr. vegna stöðu forstöðumanns á þingfundaskrifstofu.

Það er nýtt stöðugildi í kjölfar skipulagsbreytinga skrifstofunnar sem samþykktar voru af forsætisnefnd í byrjun október 2006. Hins vegar eru 5 m.kr. til að mæta kostnaði við rekstur skólaþings sem gert er ráð fyrir að hefjist árið 2007. Ráða þarf starfsmann í fullt starf um mitt ár 2007. Áætlaður árlegur kostnaður er 10 m.kr. sem kemur að fullu til framkvæmda árið 2008, en 5 m.kr. á árinu 2007.

1.07 Sérverkefni. Gerð er tillaga um 20,4 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum. Þar af er 14,4 m.kr. tímabundið framlag til að kosta vinnu við ritun verks um þingræði á Íslandi í 100 ár, en forsætisnefnd Alþingis samþykkti 2. sept. 2005 að Alþingi stæði að slíku verki. Samning ritsins stendur frá hausti 2006 til vors 2008, en meginvinnan verður unnin á árinu 2007. Gert er ráð fyrir að kostnaður við verkið á árinu 2006 nemi um 1,9 m.kr. og 12,5 m.kr. á árinu 2007. Kostnaður á árinu 2008 er áætlaður tæpar 6 m.kr. Fyrirnefndar 14,4, m.kr. í fjárlögum 2007 yrðu því kostnaður við verkið á árinu 2006 og 2007. Hins vegar er 6 m.kr. tímabundið framlag til vinnu við að skanna Alþingistíðindi frá upphafi endurreisnar Alþingis 1845 á stafrænt form til birtingar á vef Alþingis. Hærri fjárveiting mun gera það mögulegt að flýta verklokum.

5.20 Fasteignir. Gerð er tillaga um 35 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að ljúka viðhaldsframkvæmdum við Alþingishúsið að utan, bæði þakviðgerð og fúgaviðgerð á norðurhlið. Kostnaður er áætlaður 70 m.kr. en ónotaðar fjárveitingar til verksins eru 35 m.kr.

6.01 Tæki og búnaður. Gerð er tillaga um 74,5 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum. Annars vegar er 50 m.kr. tímabundin fjárveiting til að standa straum af stofnkostnaði við skólaþing. Forseti Alþingis lét gera ítarlega skýrslu um verkefnið sem liggur fyrir. Fjárveitingin er til undirbúnings og framkvæmda við að gera kennsluver og kennsluefni þannig að þessi starfsemi geti hafist á árinu 2007 með nauðsynlegum búnaði í varanlegu húsnæði í Austurstræti 8–10 sem Alþingi hefur þegar til afnota.

Hins vegar er 15 m.kr. tímabundin fjárveiting til endurnýjunar á fartölvubúnaði alþingismanna. Undanfarin ár hefur tölvubúnaður alþingismanna utan skrifstofunnar verið endurnýjaður á fjögurra ára fresti, þ.e. á kosningarári.

Loks er gerð tillaga um 9,5 m.kr. fjárveitingu til að setja hljóð og mynd á vefinn svo að mögulegt verði að hlusta og horfa á þingfundi aftur í tímann. Tillagan miðast við að upptökur og vistun verði af bestu gæðum svo að nota megi efnið við sjónvarpsútsendingar jafnt sem fyrir almenning.

205 Framkvæmdir á Alþingisreit.

6.50 Nýbygging. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna fjárveitingu til að standa straum af kostnaði við að ljúka endurskoðun á deiliskipulagi Alþingisreits og við nauðsynlegan undirbúning til að hefja megi fornleifarannsóknir á vesturhluta reitsins og undirbúning hönnunar nýbygginga.

620 Ríkisendurskoðun.

1.01 Ríkisendurskoðun. Gerð er tillaga um 10 m.kr. framlag á ári í tvö ár til að stofnunin geti farið í sérstakt átak til að meta þá áhættu sem er samfara notkun upplýsingakerfa hjá hinu opinbera og koma með ábendingar til úrbóta í því sambandi. Kannað verður sérstaklega innra eftirlit með þeim upplýsingum sem færast í upplýsingakerfin og koma frá þeim og þær aðgerðir og öryggisráðstafanir sem tengjast upplýsingakerfunum sjálfum. Undanfarin ár hafa fjölmörg upplýsingakerfi tekið við af handvirkum verkferlum sem m.a. ákvarða greiðslur fjármuna úr ríkissjóði, og hafa því fylgt ýmis ný og áður óþekkt vandamál. Í þeim tilvikum þar sem Ríkisendurskoðun hefur kannað stöðu mála vegna atvika þar sem aðilar notfærðu sér veikleika upplýsingakerfa til að taka fjármuni úr ríkis-

sjóði á ólöglegan máta hefur komið í ljós að veruleg áhætta gæti verið til staðar í ýmsum upplýsingakerfum hjá mörgum ríkisaðilum. Áætlað er að verkefnið takið tvö til þrjú ársverk og verði framkvæmt á næstu tveimur árum. Að hluta til mun stofnunin leita eftir að kaupa sérfræðiaðstoð við vinnuna.

01 Forsætisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild forsætisráðuneytis verði aukin um 146 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.21 Öryggismálanefnd. Með vísan til 7. liðar í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 26. september, um ný verkefni íslenskra stjórnvalda við brottför varnarliðsins, er gerð tillaga um 16 m.kr. framlag til samstarfsvettvangs fulltrúa stjórnmalaflokkanna þar sem fjallað verði um öryggi Íslands á breiðum grundvelli, m.a. í samstarfi við sambærilega aðila í nálægum löndum.

1.92 Til starfsemi stjórnmalaflokka. Gerð er tillaga um 130 m.kr. fjárveitingu til að styrkja starfsemi stjórnmalaflokka. Í tillögum nefndar sem vinnur að gerð frumvarps um lagalega umgjörð stjórnmalastarfsemi á Íslandi er m.a. lagt til að hámark verði sett á fjárframlög frá lögaðilum og einstaklingum til stjórnmalaflokka. Fjárveitingin miðar að því að tryggja að stjórnmalaflokkar geti haldið uppi svipaðri starfsemi og þeir gera í dag.

02 Menntamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild menntamálaráðuneytis verði aukin um 1.726,7 m.kr.

201 Háskóli Íslands.

1.01 Háskóli Íslands. Gerð er tillaga um 308,8 m.kr. hækkun til Háskóla Íslands. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 300 m.kr. hækkun til Háskólans í samræmi við ákvæði nýs kennslu- og rannsóknasamnings sem fyrirhugað er að gera við skólann. Með nýjum samningi mun Háskóli Íslands setja sér það markmið að öðlast viðurkenningu sem háskóli í fremstu röð.

Þá er gerð er tillaga um að veita Lagastofnun Háskóla Íslands 7,5 m.kr. tímabundið framlag til að gefa út íslenska lögfræðiorðabók.

Loks er lagt til að veita Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við Háskóla Íslands 1,3 m.kr. tímabundið framlag til fjarkennslu í meistaranámi í opinberri stjórnsýslu.

209 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

1.01 Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Gerð er tillaga um 12 m.kr. rannsóknaframlag til Árnastofnunar.

210 Háskólinn á Akureyri.

1.01 Háskólinn á Akureyri. Gerð er tillaga um 70 m.kr. hækkun fjárveitingar til rannsókna hjá Háskólanum á Akureyri.

Þá er á viðfangsefninu 03-190-1.26 Nám í heimskautarétti hjá utanríkisráðuneytinu flutt tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag vegna náms sem fyrirhugað er að fari fram á vegum Háskólans á Akureyri í samvinnu við erlenda háskóla. Framlagið kemur fram sem sértekjur hjá skólanum en á móti kemur jafnmikill kostnaður í tengslum við námið þannig að beint framlag úr ríkissjóði verður óbreytt eftir sem áður.

299 Háskóla- og rannsóknastarfsemi.

1.73 Reykjavíkúráðuneytið. Gerð er tillaga um 10,2 hækkun á framlögum til Reykjavíkúráðuneytis. Annars vegar er þar lögð til 6,2 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs úráðuneytis. Hins vegar er gerð tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til tvískipts verkefnis í tengslum við tíu ára afmæli Reykjavíkúráðuneytis, annars vegar til að

taka saman bók með rannsóknaskýrslu félaga frá upphafi þar sem saga akademíunnar verður rakin og hins vegar til að gera heimildamynd um sögu hennar.

319 Framhaldsskólar, almennt.

1.33 Myndlistarskólinn Akureyri. Gerð er tillaga um 1,1 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Myndlistarskóla Akureyrar.

1.35 Myndlistarskólinn í Kópavogi. Gerð er tillaga um 1,1 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Myndlistarskóla Kópavogs.

1.90 Framhaldsskólar, óskipt. Gerð er tillaga um 240 m.kr. framlag, auk 10 m.kr. sér-tæks framlags, til framhaldsskólanna samkvæmt ákveðinni skiptingu sem unnin var með reiknilíkani af hálfu menntamálaráðuneytis. Skipting á einstaka skóla er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og færist á viðkomandi skóla í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

Jafnframt er gerð tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna samnings um sýningar á kvikmyndum í framhaldsskólum landsins. Samningurinn gerir ráð fyrir samtals 30 m.kr. á árunum 2007–2009.

367 Fjölbrautaskóli Snæfellinga.

1.01 Fjölbrautaskóli Snæfellinga. Lagt er til að veitt verði tímabundið framlag að fjárhæð 7 m.kr. til reksturs framhaldsskóladeildar á Patreksfirði. Um er að ræða tilrauna-verkefni til fjögurra ára sem gerir ráð fyrir að rekin verði framhaldsdeild fyrir nemendur á fyrsta og öðru ári í framhaldsskóla. Áformað er að deildin verði rekin í nánú samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga og að stuðst verði við þá reynslu sem þar hefur fengist af staðbundnu námi og fjarkennslu.

451 Símenntun og fjarkennsla.

Lagt er til að framlag til símenntunarstöðva á landsbyggðinni verði hækkað og hækka því eftirfarandi níu liðir um 0,7 m.kr. hver:

1.21 Símenntunarstöð á Vesturlandi.

1.22 Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

1.23 Farskóli Norðurlands vestra.

1.24 Símenntunarstöð Eyjafjarðar.

1.25 Fræðslumiðstöð Þingeyinga.

1.26 Fræðslunet Austurlands.

1.27 Fræðslunet Suðurlands.

1.28 Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum.

1.29 Fræðslu- og símenntunarstöð Vestmannaeyja.

1.30 Framvegis, miðstöð um símenntun í Reykjavík. Gerð er tillaga um 11 m.kr. framlag til reksturs Framvegis, miðstöðvar um símenntun í Reykjavík, sem er í eigu Verzlunarskóla Íslands og aðildarfélaga BSRB og hefur hingað til einkum þjónað heilbrigðisgeiranum en er nú að breikka námsframboð sitt.

1.31 Fræða- og þekkingarsetur. Gerð er tillaga um 24 m.kr. hækkun á liðnum og er fjárveiting ætluð fjórum háskólasetrum sem fá þannig 6 m.kr. framlag hver. Þau eru Háskólasetrið á Hornafirði, Háskólasetur Snæfellsness, Háskólasetur Vestfjarða – Fornleifaskóli Vestfjarða og loks rannsóknasetur Háskóla Íslands í sjávarspendýrafræðum á Húsavík sem ráðgert er að stofna í ársbyrjun 2007. Það verður hýst innan Þekkingarseturs Þingeyinga og rekið í nánú samstarfi við þá stofnun og Náttúrustofu Norðausturlands.

1.41 Íslenskukennsla fyrir útlendinga. Gerð er tillaga um 100 m.kr. framlag til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Mikil fjölgun hefur orðið á fólki af erlendum uppruna sem

kemur til Íslands til lengri eða skemmri dvalar og er skýringa á því ekki síst að leita í mikilli eftirspurn eftir vinnuafli og hagsæld hér á landi. Á sama tíma hefur hindrunum fyrir frjálsri för einstaklinga innan Evrópska efnahagssvæðisins verið rutt úr vegi og fjölmargir borgarar í Evrópusambandslöndum hafa komið hingað. Viðurkennt er að tungumálakunnátta er grundvallarforsenda fyrir fullri þátttöku og aðlögun fólks að íslensku samfélagi. Kemur það m.a. fram í lögum um útlendinga, nr. 96/2002, þar sem miðað er við að færni í íslensku skuli vera forsenda fyrir veitingu íslensks ríkisborgararéttar.

901 Fornleifavernd ríkisins.

1.01 Fornleifavernd ríkisins. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til að endur-reisa Bláskeggsárbrú í Hvalfirði sem sveitarstjórnin þar hefur hug að gera í samstarfi við umhverfis- og náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins og Vegagerðina.

902 Þjóðminjasafn Íslands.

1.01 Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna fjarvinnsluverkefnis hjá Landvist á Húsavík annars vegar, 5 m.kr., og Forsvari á Hvammstanga hins vegar, 5 m.kr.

1.10 Byggða- og minjasöfn. Gerð er tillaga um 46,5 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum vegna eftirfarandi verkefna:

- 7 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifastofnunar Íslands til framhalds fornleifarannsóknna í Skálholti,
- 6 m.kr. tímabundið framlag til Hins þingeyska fornleifafélags til nýsköpunar í ferðaþjónustu og fornleifarannsóknna í Suður-Þingeyjarsýslu,
- 5 m.kr. tímabundið framlag til Kolkuóss ses. til varðveislu og uppbyggingar húsa í Kolkuósi með það í huga að koma þar á fót öflugri menningartengdri ferðaþjónustu í tengslum við Vesturfarasetrið á Hofsósi og Háskólann á Hólum,
- 5 m.kr. tímabundið framlag til Fornleifastofnunar Íslands á Vesturlandi til framhalds fornleifarannsóknna í Vatnsfirði við Ísafjarðardjúp; rannsóknirnar eru samstarfsverkefni Byggðasafns Vestfjarða, Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða, Fornleifastofnunar Íslands á Vesturlandi, Háskólaseturs á Ísafirði, Háskóla Íslands og Alþjóðlega fornleifaskólans, auk erlendra samstarfsaðila,
- 5 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á menningarsögulegum minjum í Hringsdal og nágrenni hans á vegum Arnfirðingafélagsins,
- 4 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafns Skagfirðinga til að halda áfram fornleifauppgrefti á tanganum við Kolkuós,
- 4 m.kr. tímabundið framlag til Eldstáls ehf. til áframhaldandi rannsókna á eyðibýlinu Bæ í Örafum sem fór í eyði í gosi 1362; um þriðjungur hefur verið rannsakaður,
- 4 m.kr. tímabundið framlag til uppbyggingar Byggðasafnsins á Garðskaga,
- 3 m.kr. tímabundið framlag til rannsókna á fornleifum við gamla prestssetrið að Útskálum,
- 2 m.kr. framlag til Byggðasafns Skagafjarðar vegna Verslunar Haraldar Júlíussonar,
- 1 m.kr. tímabundið framlag til Önfirðingafélagsins í Reykjavík til verkefnisins Hvalveiðiminjar og hvalveiðisaga vegna veiða Norðmanna við Ísland 1883–1915,
- 0,5 m.kr. tímabundið framlag vegna ráðstefnu og stefnumótunar í tilefni 40 ára afmælis Byggðasafns Húnvetninga og Strandamanna.

905 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn.

1.01 Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Gerð er tillaga um að veita Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni 12 m.kr. á ári í þrjú ár til að setja dagblöð á stafrænt

form. Undanfarin ár hefur verið unnið að því að setja Morgunblaðið á stafrænt form með styrk frá Árvakri. Lögberg-Heimskringla hefur verið mynduð fyrir styrk frá menntamálaráðuneyti og nú hefur safnið fengið styrk frá 365-prentmiðlum til að hefja myndatöku á DV, Dagblaðinu og Vísi. Mikil slagsíða er á því dagblaðaefti sem nú er aðgengilegt og telur safnið óásættanlegt að einungis hluti af íslenskum dagblöðum sé aðgengilegur í stafrænu formi. Til að bæta úr þessu hafa Landsbókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri reynt að afla því stuðnings að Alþýðublaðið, Dagur, Tíminn og Þjóðviljinn verði einnig sett á stafrænt form. Landsbókasafnið leggur til myndavél, tengingar milli safnanna, þjálfun starfsmanna og forritunarvinnu.

909 Blindrabókasafn Íslands.

1.01 Blindrabókasafn Íslands. Gerð er tillaga um að veita Blindrabókasafni Íslands 5 m.kr. framlag til að yfirfæra hljóðbókakost safnsins á stafrænt form.

919 Söfn, ýmis framlög.

1.10 Listasafn ASÍ. Lagt er til að Listasafni ASÍ verði veittur 5,5 m.kr. rekstrarstyrkur.

1.11 Nýlistasafn. Lagt er til að Nýlistasafninu verði veittur 8 m.kr. rekstrarstyrkur.

1.12 Listasafn Sigurjóns Ólafssonar. Gerð er tillaga um að framlag til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar hækki um 0,7 m.kr.

1.90 Söfn, ýmis framlög. Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Söfn, ýmis framlög menntamálaráðuneytis. Gerð er tillaga um 62 m.kr. á þessum lið. Í fyrsta lagi er gerð tillaga um 12 m.kr. tímabundið framlag til Byggðasafnsins í Görðum, Akranesi vegna Kútters Sigurfara en fyrirhugað er að gera samning um 60 m.kr. styrk á næstu fimm árum. Fyrsta greiðsla, 12 m.kr., kemur til greiðslu 2007 og síðan verða jafnar greiðslur næstu ár og síðasta greiðsla 2011.

Í öðru lagi er gerð tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna Hvalasafnsins á Húsavík en fyrirhugað er að gera samning um 30 m.kr. styrk á næstu þremur árum. Fyrsta greiðsla, 10 m.kr., kemur til greiðslu 2007 og síðan verða jafnar greiðslur næstu ár eða síðasta greiðsla 2009.

Á ríkisstjórnarfundum 13. júní 2006 var samþykkt að styrkja framkvæmdir við Víkina, Sjóminjasafnið í Reykjavík, og miðað er við að gerður verði samningur um 30 m.kr. heildarstyrk sem greiðist í jöfnum greiðslum á þremur árum eða árin 2007, 2008 og 2009. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag vegna þessa.

Þá er í fjórða lagi gerð tillaga um 10 m.kr. framlag vegna ríkisstjórnarsamþykktar vorið 2005 um 30 m.kr. til Safnahúss í Búðardal sem greiða á í þremur jöfnum greiðslum, í fyrsta skipti árið 2006. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2006 hefur þegar verið gert ráð fyrir 10 m.kr. fjárheimild sem fallið hafði niður við afgreiðslu fjárlaga fyrir það ár.

Í fimmta lagi er gerð tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til Hrisbrúnar vegna fornleifarannsóknna og uppgrftar. Heildarstyrkur er 24 m.kr. sem greiðist í þremur jöfnum greiðslum á árunum 2007, 2008 og 2009.

Í sjötta lagi er gerð tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag vegna Hekluseturs en fyrirhugað er að gera samning um 30 m.kr. styrk á næstu fimm árum. Fyrsta greiðsla, 6 m.kr., kemur til greiðslu 2007 og síðan verða jafnar greiðslur næstu ár, og síðasta greiðsla árið 2011.

Í sjöunda lagi er gerð tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag vegna Galdrasýningar á Ströndum en fyrirhugað er að gera samning um 30 m.kr. styrk á næstu fimm árum.

Fyrsta greiðsla, 6 m.kr., kemur til greiðslu 2007 og síðan verða jafnar greiðslur næstu ár, eða síðasta greiðsla árið 2011.

6.90 *Söfn, ýmis stofnkostnaður.* Gerð er tillaga um 24 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

969 Menningarstofnanir, viðhald og stofnkostnaður.

6.21 *Endurbætur menningarstofnana.* Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum og er framlagið til endurbóta á Gunnarshúsi á Skriðuklaustri.

974 Sinfóníuhljómsveit Íslands.

1.01 *Sinfóníuhljómsveit Íslands.* Gerð er tillaga um 140,9 m.kr. hækkun á framlagi til hljómsveitarinnar samkvæmt breytingu á lögum um hljómsveitina þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður greiði 25% hlut Ríkisútvarpsins og 1% hlut Seltjarnarnesbæjar. Samkvæmt frumvarpinu er hluti Ríkisútvarpsins 135,5 m.kr. og hlutur Seltjarnarnesbæjar 5,4 m.kr.

Jafnframt er gerð tillaga um 10 m.kr. hækkun á rekstrarframlagi hljómsveitarinnar.

979 Húsafriðunarnefnd.

1.01 *Húsafriðunarnefnd.* Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til húsafriðunarnefndar þar sem umsýsla með verkefnum sem hlotið hafa styrk hefur aukist verulega undanfarin ár.

6.10 *Húsafriðunarsjóður.* Gerð er tillaga um 135,5 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum til eftirfarandi verkefna:

Kvennaskólabýggingin á Blönduósi	7 m.kr.
Menningarhús frá Jakúttíu	5 m.kr.
Bíldudalskirkja	5 m.kr.
Duus-hús í Reykjanesbæ	5 m.kr.
Tjarnarbíó í Reykjavík	5 m.kr.
Vélsmiðjan á Þingeyri	4 m.kr.
Vatneyrarbúð, Patreksfirði	4 m.kr.
Pakkhúsið á Vatneyri	4 m.kr.
Gamla kaupfélagshúsið á Breiðdalsvík	4 m.kr.
Friðbjarnarhús á Akureyri	4 m.kr.
Bryggjuhúsin á Wathnestorfunni á Seyðisfirði	4 m.kr.
Eyrardalsbærinn í Súðavík	4 m.kr.
Gudmanns Mínde á Akureyri	4 m.kr.
Faktorshúsið á Djúpavogi	4 m.kr.
Framtíðin á Djúpavogi	3,5 m.kr.
Verslunarhús í Englendingavík í Borgarnesi	3 m.kr.
Pompei norðursins	3 m.kr.
Barnaskólinn í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp	3 m.kr.
Gamla mjólkursamlagshúsið í Borgarnesi	3 m.kr.
Einarshús/Péturshús í Bolungarvík	3 m.kr.
Staðarkirkja í Aðalvík	3 m.kr.
Syðstabæjarhúsið í Hrísey	3 m.kr.
Gamla prestssetrið að Útskálum	3 m.kr.
Steinhlaðið íbúðarhús á Héðinshöfða á Tjörnesi	3 m.kr.
Kaupfélagshúsið, elsta íbúðarhúsið á Höfn	3 m.kr.
Hlíðarhús, Siglufirði	2,5 m.kr.
Patreksfjarðarkirkja	2,5 m.kr.

Gamla samkomu- og skólahúsið í Þingborg	2,5 m.kr.
Prestssetrið á Brjánslæk	2 m.kr.
Lista- og menningarverstöðin á Stokkseyri	2 m.kr.
Þiljuvellir 11, Listasmiðja Norðfjarðar	2 m.kr.
Verslunin Bræðurnir Eyjólfsson, Flateyri	2 m.kr.
Grána, Sauðárkróki	2 m.kr.
Vjelasmiðja Jóhanns Hanssonar, Seyðisfirði	2 m.kr.
Kaupvangur, 3. hæð, Vopnafirði	2 m.kr.
Norska húsið í Stykkishólmi	2 m.kr.
Miðstræti 3 í Bolungarvík	2 m.kr.
Kálfatjarnarkirkja	2 m.kr.
Norðurkot, skólahús á Vatnsleysuströnd	2 m.kr.
Tryggvaskáli, Selfossi	2 m.kr.
Herkastalinn við Kirkjustræti 2 í Reykjavík	2 m.kr.
Torfbærinn að Austur-Meðalholtum	1,5 m.kr.
Hraunsrétt í Aðaldal	1 m.kr.
Verksmiðjubyggingar síldarverksmiðjunnar í Djúpvík á Ströndum	1 m.kr.
Gamla hafnarsvæðið á Höfn í Hornafirði	1 m.kr.
Þak á skemmu í Vík þar sem báturinn Skaftfellingur er geymdur	1 m.kr.

981 Kvikmyndamiðstöð Íslands.

1.10 *Kvikmyndasjóðir*. Lagt er til að fjárveitingi í kvikmyndasjóði hækki um 123 m.kr. vegna endurnýjunar á samkomulagi sem menntamála- og fjármálaráðherra gera við samtök í íslenskri kvikmyndagerð.

982 Listir, framlög.

1.22 *Starfsemi áhugaleikfélaga*. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til starfsemi áhugaleikfélaga.

1.24 *Starfsemi atvinnuleikhópa*. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til sjálfstætt starfandi atvinnuleikhópa.

1.70 *Heiðurslaun listamanna samkvæmt ákvörðun Alþingis*. Gerð er tillaga um 4,8 m.kr. hækkun á liðnum.

1.90 *Listir*. Gerð er tillaga um 9,4 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

983 Ýmis fræðistörf.

1.11 *Styrkir til útgáfumála*. Gerð er tillaga um 9,5 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.23 *Hið íslenska bókmenntafélag*. Lagt er til að framlag til almennrar útgáfustarfsemi Hins íslenska bókmenntafélags hækki um 14,3 m.kr.

1.52 *Skriðuklaustur*. Gerð er tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til fornleifarannsóknna á Skriðuklaustri.

1.53 *Snorrastofa*. Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknar kirkjunnar í Reykholti en rannsókn kirkjustaðisins hefur staðið yfir undanfarin fimm ár með styrk frá Kristnihátíðarsjóði.

988 Æskulýðsmál.

1.12 *Ungmennafélag Íslands*. Gerð er tillaga um 34,4 m.kr. hækkun á þessum lið. Þar af er 19,4 m.kr. hækkun á framlagi til Ungmennafélags Íslands og 15 m.kr. framlag er ætlað Dalabyggð ásamt UMFÍ vegna ungmenna- og tómstundabúða að Laugum í Sælingsdal.

1.13 *Bandalag íslenskra skáta*. Gerð er tillaga um 9 m.kr. hækkun á framlagi til Bandalags íslenskra skáta.

1.14 *Útílfsmiðstöð skáta Úlfjótuvatni*. Gerð er tillaga um 4 m.kr. rekstrarstyrk til Útílfsmiðstöðvar skáta að Úlfjótuvatni.

1.17 *Landssamband KFUM og KFUK*. Gerð er tillaga um að framlög til KFUM og KFUK á Íslandi hækki um 5 m.kr.

1.90 *Æskulýðsmál*. Gerð er tillaga um 7,3 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

989 Ýmis íþróttamál.

1.14 *Íþróttasamband fatlaðra*. Gerð er tillaga um 2,4 m.kr. hækkun á framlagi til Íþróttasambands fatlaðra vegna aukins umfangs starfseminnar.

1.21 *Skáksamband Íslands*. Gerð er tillaga um 5,3 m.kr. hækkun á framlagi til Skáksambands Íslands.

1.25 *Skákskóli Íslands*. Gerð er tillaga um 1,4 m.kr. hækkun á framlögum til Skákskóla Íslands.

1.30 *Bridgesamband Íslands*. Gerð er tillaga um 15 m.kr. hækkun á framlögum til Bridgesambands Íslands.

1.90 *Ýmis íþróttamál*. Gerð er tillaga um 11,3 m.kr. tímabundna hækkun á safnliðnum og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

6.52 *Skíðasvæðið í Tungudal við Skutulsfjörð*. Lagt er til að Skíðafélagi Ísfirðinga verði veitt 8 m.kr. tímabundið framlag til áframhaldandi jarðvegsframkvæmda á skíðasvæði Ísfirðinga.

6.56 *Skíðamannvirki í Skarðsdal, Siglufirði*. Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag til frekari uppbyggingar á skíðamannvirkjum og aðstöðu í skíðalandi Siglufirðinga í Skarðsdal.

6.57 *Sparkvellir*. Gerð er tillaga um 25 m.kr. tímabundið framlag til að ljúka sparkvallaátaki Knattspyrnusambands Íslands sem staðið hefur í þrjú ár. Á þeim árum hafa 76 vellir verið lagðir víðs vegar um landið. Er gert ráð fyrir að lokið verði við að leggja 35 sparkvelli þannig að heildarfjöldinn verði um 100 vellir haustið 2007.

999 Ýmislegt.

1.90 *Ýmis framlög*. Gerð er tillaga um 33,7 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

6.90 *Ýmis stofnkostnaðarframlög*. Gerð er tillaga um 76,3 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

03 Utanríkisráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild utanríkisráðuneytis verði aukin um 325,4 m.kr.

101 Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 *Utanríkisráðuneyti, aðalskrifstofa*. Gerð er tillaga um 16 m.kr. framlag vegna stöðu fulltrúa Íslands í höfuðstöðvum yfirherstjórnar Atlantshafsbandalagsins í Brunssum í Hollandi í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

190 Ýmis verkefni.

1.21 *Starfsemi vegna Sameinuðu þjóðanna á Íslandi*. Gerð er tillaga um 0,4 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Félags Sameinuðu þjóðanna á Íslandi.

1.23 *Mannréttindamál*. Gerð er tillaga um 4 m.kr. millifærslu á fjárheimildum af liðnum 03-391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi yfir á þennan lið.

1.26 Nám í heimskautarétti. Gerð er tillaga um 8 m.kr. tímabundið framlag vegna fyrirhugaðs náms í heimskautarétti við Háskólann á Akureyri sem unnið verður í samvinnu við Fróðskapasetrið í Þórshöfn og Háskólann í Nuuk, auk Háskólans í Tromsø og Háskólans í Rovaniemi og Norðurheimskautsháskólans.

1.31 Nefnd um landgrunnsmörk Íslands. Gerð er tillaga um 5,8 m.kr. tímabundið viðbótarframlag vegna nefndar um landgrunnsmörk Íslands til að ljúka vinnu við rannsóknir og samningagerð. Framlagið verður því samtals 13,1 m.kr. á ári til ársins 2009.

215 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll.

1.01 Rekstur fyrrum varnarsvæða við Keflavíkurflugvöll. Gerð er tillaga um 280 m.kr. tímabundið framlag til umsjónar fyrrum varnarsvæðis. Kostnaðurinn felst m.a. í umsýslu, viðhaldi, öryggisgæslu, umhirðu og öðrum húsnæðiskostnaði. Stofnað hefur verið þróunarfélag sem mun halda utan um rekstur svæðisins. Er fjárveitingunni einnig ætlað að standa undir kostnaði við þróun og umbreytingu á svæðinu. Fjárveitingin verður lækkuð þegar fasteignir á svæðinu verða settar í sjálfbær borgaraleg not.

391 Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi.

1.90 Þróunarmál og hjálparstarfsemi, óskipt. Gerð er tillaga um 4 m.kr. millifærslu á fjárheimildum af þessum lið á liðinn 03-190-1.23 Ýmis verkefni, Mannréttindamál.

401 Alþjóðastofnanir.

1.40 Efnahagssamvinnu- og þróunarstofnunin, OECD. Gerð er tillaga um 15,2 m.kr. viðbótarframlag vegna hækkunar á samningsbundnu föstu framlagi Íslands til stofnunarinnar.

04 Landbúnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild landbúnaðarráðuneytis verði aukin um 107,8 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.31 Skógræktarfélag Íslands. Gerð er tillaga um að veita Skógræktarfélagi Íslands 6 m.kr. tímabundið framlag til að opna þrjú ný skógræktarsvæði við þjóðleiðir landsins, þ.e. Þelamörk í Eyjafirði, Akurgerði í Norður-Þingeyjarsýslu og skógarreit við Djúpa-vog.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 7,8 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 Ýmis framlög landbúnaðarráðuneytis. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að styrkja rannsóknarverkefni í fiskeldi. Samningur landbúnaðarráðuneytisins við Stofnfisk hf. um kynbætur í laxeldi og samningur við Hólaskóla um kynbætur fyrir bleikjueldi renna út í lok þessa árs.

221 Veiðimálastofnun.

1.01 Veiðimálastofnun. Gerð er tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu til að styrkja starfsemi Veiðimálastofnunar. Sértekjur stofnunarinnar hafa dregist verulega saman á síðustu árum og er það megin skýringin á rekstrarvanda hennar. Landsvirkjun hefur á undanförunum árum greitt fyrir rannsóknarverkefni í ám og vötnum, en verulega hefur dregið úr þeim greiðslum. Þá hefur Fiskræktarsjóður ekki getað styrkt rannsóknarstarfsemi stofnunarinnar í sama mæli og áður.

262 Landbúnaðarháskóli Íslands.

1.01 Landbúnaðarháskóli Íslands. Gerð er tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu til að ljúka megi samningum um að Fasteignir ríkissjóðs taki við húsnæði skólans. Um er að ræða fasteignir skólans á Keldnaholti og Möðruvöllum, en í ár og í fyrra var gengið frá samningum um húsnæði skólans á Hvanneyri. Með þessu framlagi verða allar fasteignir skól-

ans, nema fasteignirnar á Reykjum, í umsjá Fasteigna ríkissjóðs sem sjá munu um rekstur og viðhald en skólinn greiðir húsaleigu.

Þá er gerð tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til áframhaldandi vinnu við gerð gagnagrunns um kolefnisbókhald. Verkefnið felur m.a. í sér að safna saman upplýsingum og gera grein fyrir landnotkun og þeim áhrifum sem notkunin hefur á losun og bindingu gróðurhúsalofttegunda, í samræmi við kröfur rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsmál og Kyoto-bókunina. Við þessum kröfum þarf að verða til að binding kolefnis með landgræðslu og skógrækt nýtist Íslandi til frádráttar á móti losun gróðurhúsalofttegunda af mannavöldum.

271 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal.

1.01 Hólaskóli á Hólum í Hjaltadal. Gerð er tillaga um að veita Guðbrandsstofnun við Hólaskóla 4 m.kr. framlag.

311 Landgræðsla ríkisins.

1.01 Landgræðsla ríkisins. Gerð er tillaga um 6 m.kr. tímabundið framlag til Landgræðslu ríkisins vegna alþjóðlegs samráðsþings um verndun jarðvegs sem Landgræðsla ríkisins mun efna til í september 2007 í samráði við landbúnaðarráðuneytið og í samstarfi við Landbúnaðarháskóla Íslands, Háskóla Sameinuðu þjóðanna, Ohio State University í Bandaríkjunum og fleiri aðila.

321 Skógrækt ríkisins.

1.01 Skógrækt ríkisins. Gerð er tillaga um 24 m.kr. hækkun á framlagi til Skógræktar ríkisins, en þar af eru 14 m.kr. vegna Heklusköga.

331 Héraðs- og Austurlandsskógar.

1.01 Héraðs- og Austurlandsskógar. Gerð er tillaga um alls 152,9 m.kr. hækkun á liðnum. Í fyrsta lagi er tillaga um að fjárveitingargrunnur Héraðsskóga, 104,6 m.kr., verði fluttur á þetta rekstrarviðfangsefni af tilfærsluviðfangi, 1.10, í samræmi við tegundaskiptingu útgjalda í reikningi og framsetningu á fjárveitingum annarra landshlutabundinna skógræktarverkefna.

Þá er lagt til að 40,7 m.kr. fjárveiting Austurlandsskóga verði millifærð á þennan lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna, 04-343-1.17. Er það í samræmi við lög nr. 95/2006, um landshlutaverkefni í skógrækt, þar sem Héraðsskógar og Austurlandsskógar eru sameinaðir í eitt verkefni.

Loks er lagt til að 7,6 m.kr. fjárheimild til gerðar gagnagrunns um skógrækt á stofnkostnaðarviðfangi liðarins verði millifærð á rekstrarviðfang hans þar sem verkefninu er nú lokið, en fjárveiting til verkefnisins var millifærð af rekstrarviðfanginu á stofnkostnaðarviðfangið á fjárlögum 2004.

1.10 Skógræktaráttak á Fljótsdalshéraði. Gerð er tillaga um að fjárveitingargrunnur Héraðsskóga verði fluttur af þessu tilfærsluviðfangi á rekstrarviðfangsefni, 1.01, í samræmi við tegundaskiptingu útgjalda í reikningi og framsetningu á fjárveitingum annarra landshlutabundinna skógræktarverkefna.

6.41 Gagnagrunnur um skógrækt. Þar sem gerð gagnagrunns um skógrækt er lokið er lagt til að 7,6 m.kr. fjárheimild á stofnkostnaðarviðfangi liðarins verði millifærð á rekstrarviðfang hans, en fjárveiting til styrktar uppbyggingu gagnagrunnsins var millifærð af rekstrarviðfanginu á fjárlögum 2004.

332 Suðurlandsskógar.

1.01 Suðurlandsskógar. Lagt er til að 125,5 m.kr. fjárveiting Suðurlandsskóga verði millifærð á þennan nýja lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverk-

efna, 04-343-1.10, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

334 Vesturlandsskógar.

1.01 Vesturlandsskógar. Lagt er til að 67,6 m.kr. fjárveiting Vesturlandsskóga verði millifærð á þennan nýja lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna, 04-343-1.13, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

335 Skjólsskógar á Vestfjörðum.

1.01 Skjólsskógar á Vestfjörðum. Lagt er til að 50,9 m.kr. fjárveiting Skjólsskóga verði millifærð á þennan nýja lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna, 04-343-1.15, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

336 Norðurlandsskógar.

1.01 Norðurlandsskógar. Lagt er til að 114,1 m.kr. fjárveiting Norðurlandsskóga verði millifærð á þennan nýja lið af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna, 04-343-1.16, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

343 Landshlutabundin skógrækt.

1.10 Suðurlandsskógar. Lagt er til að 129,7 m.kr. fjárheimild Suðurlandsskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á nýjan lið 04-332 Suðurlandsskógar, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

1.13 Vesturlandsskógar. Lagt er til að 69,7 m.kr. fjárheimild Vesturlandsskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á nýjan lið 04-334 Vesturlandsskógar, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

1.15 Skjólsskógar, Vestfjörðum. Lagt er til að 50,9 m.kr. fjárveiting Skjólsskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á nýjan lið 04-335 Skjólsskógar á Vestfjörðum, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

1.16 Norðurlandsskógar. Lagt er til að 114,1 m.kr. fjárveiting Norðurlandsskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á nýjan lið 04-336 Norðurlandsskógar, enda er verkefnið fjárhagslega sjálfstætt eins og önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

1.17 Austurlandsskógar. Lagt er til að 40,7 m.kr. fjárveiting Austurlandsskóga verði millifærð af sameiginlegum lið landshlutabundinna skógræktarverkefna á lið 04-331 Héraðs- og Austurlandsskógar. Er það í samræmi við lög nr. 95/2006, um landshlutaverkefni í skógrækt, þar sem Héraðsskógar og Austurlandsskógar eru sameinaðir í eitt verkefni.

06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild dóms- og kirkjumálaráðuneytis verði aukin um 340,9 m.kr.

101 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa.

1.01 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti, aðalskrifstofa. Lagt er til að veittar verði 10 m.kr. til að fjölga starfsmönnum um einn en um er að ræða laun, launatengd gjöld og ferðakostnað. Við brottför varnarliðsins taka íslensk stjórnvöld við nýjum verkefnum. Nauð-

synlegt er að bæta við starfsmanni á aðalskrifstofu dómsmálaráðuneytisins sem hefur sérþekkingu á sviði varnar- og öryggismála.

303 Ríkislögreglustjóri.

1.01 Ríkislögreglustjóri. Gert er ráð fyrir að beint greiðsluframlag úr ríkissjóði lækki um 3 m.kr. í ljósi áætlunar um jafnmikla hækkun á ríkistekjum stofnunarinnar af hlutdeild í áfengisgjaldi.

305 Lögregluskóli ríkisins.

1.01 Lögregluskóli ríkisins. Lagt er til að framlag til Lögregluskólans verði hækkað um 25 m.kr. vegna aukins rekstrarkostnaðar í kjölfar fjölgunar nema úr 36 í 48. Um er að ræða greiðslur til nemenda á seinni önn skólans auk fjölgunar kennara.

Jafnframt er lagt til að veitt verði tímabundið framlag í eitt ár að fjárhæð 10 m.kr. til Lögregluskólans í tengslum við fjölgun nema. Framlaginu er ætlað að standa undir kostnaði vegna fatnaðar, tækjabúnaðar og endurbóta á húsnæði.

310 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu. Gert er ráð fyrir að beint greiðsluframlag úr ríkissjóði lækki um 8,2 m.kr. í ljósi áætlunar um jafnmikla hækkun á ríkistekjum stofnunarinnar af hlutdeild í áfengisgjaldi.

395 Landhelgisgæsla Íslands.

1.90 Landhelgisgæsla Íslands. Lagt er til að veittar verði 230 m.kr. til að standa undir auknum rekstrarkostnaði vegna eflingar þyrilusveitar Landhelgisgæslu Íslands á næsta ári. Í frumvarpinu var lögð til hækkun á grundvelli kostnaðaráætlunar síðan snemma í sumar. Áætlunin hefur nú verið endurskoðuð og er lagt til að rekstrarkostnaður verði hækkaður um 230 m.kr. Heildarrekstrarkostnaður á næsta ári á verðlagi fjárlagafrumvarps 2007 við leigu á þyrlum, rekstrarkostnað við þær og tryggingar, fjölgun starfsmanna, þjálfun, búnaðarkaup o.fl. er áætlaður tæplega 820 m.kr.

591 Fangelsisbyggingar.

6.10 Stofnframkvæmdir. Lagt er til að tímabundið framlag til endurbóta og framkvæmda við fangelsi og lögreglustöð á Akureyri og fangelsi á Kvíabryggju verði hækkað um 23,5 m.kr. Í fjárlögum 2006 og fjárlagafrumvarpi 2007 hefur verið veitt samtals 168 m.kr. til fangelsisins á Akureyri og gert var ráð fyrir að nýta uppsafnaðan afgang til framkvæmda á Kvíabryggju. Kostnaðaráætlanir hafa hækkað, að nokkrum hluta vegna verðlagsbreytinga. Áætlaður kostnaður við framkvæmdir á Kvíabryggju hefur hækkað umfram verðlag og er þar helst að nefna að styrkingar burðarvirkja reyndust viðameiri en áður var áætlað, samnotarými stækkar meira en ráðgert var, breytingar á anddyri og uppsetning reykadstöðu leiddu til kostnaðarauka og að lokum var kostnaður við ýmsar breytingar innan húss vanmetinn.

701 Þjóðkirkjan. Lagt er til að fella niður eftirfarandi fjögur viðfangsefni og lækkar framlag til fjárlagaliðar Þjóðkirkjunnar um 20,4 m.kr. vegna þessa. Lækkunin grundvallast á 4. gr. samkomulags íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar. Samkvæmt henni fellur fjárveiting til þessara verkefna niður á þessum viðfangsefnum en í staðinn hækkar framlag til Kirkjumálasjóðs og verða verkefni framvegis fjármögnuð úr honum.

1.12 Sérþjónustuprestur vegna áfengis- og vímuefnavandans	7,1 m.kr.
1.15 Kirkjumíðstöðvar	2,2 m.kr.
1.16 Langamýri í Skagafirði	1,7 m.kr.
1.91 Skálholtsskóli	9,4 m.kr.

6.25 *Dómkirkjan í Reykjavík*. Gerð er tillaga um að veita Dómkirkjunni í Reykjavík 3 m.kr. tímabundið framlag til að standa straum af kostnaði við að breyta aðalinnngangi að safnaðarheimili kirkjunnar.

6.28 *Þingeyraklausturskirkja*. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til byggingar þjónustuhúss við Þingeyrakirkju.

705 Kirkjumálasjóður.

1.10 *Kirkjumálasjóður*. Lagt er til að hækka framlag til Kirkjumálasjóðs um 55 m.kr. á grundvelli samkomulags íslenska ríkisins og Þjóðkirkjunnar um prestssetur og afhendingu þeirra til Þjóðkirkjunnar. Í 4. gr. samningisins er kveðið á um að reiknað hlutfall af sóknargjöldum sem rennur til sjóðsins skuli hækka úr 11,3% í 14,3%. Hækkunin nemur 55 m.kr. og er framlag áætlað 262,5 m.kr. á næsta ári. Í staðinn falla niður nokkur framlög til sérgreindra verkefna sem framvegis verða fjármöggnuð úr sjóðnum.

Jafnframt er gerð er tillaga um 0,8 m.kr. hækkun á þessum lið og er fjárveitingin ætluð til reksturs Löngumýrar í Skagafirði sem áður var á liðnum 06-701-1.16 Langamýri í Skagafirði.

07 Félagsmálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild félagsmálaráðuneytis verði lækkuð um 927 m.kr.

207 Varasjóður húsnæðismála.

6.21 *Varasjóður húsnæðismála vegna félagslegra íbúða sveitarfélaga*. Lagt er til að hætt verði við 3 m.kr. tímabundna frestun stofnkostnaðar á þessum fjárlagalið. Í gildi er samkomulag við Samband íslenskra sveitarfélaga að um ríkissjóður leggi til Varasjóðsins 60 m.kr. ári fram til ársins 2009 og gerir tillagan ráð fyrir þeirri fjárhæð til sjóðsins á árinu 2007.

331 Vinnueftirlit ríkisins.

1.01 *Vinnueftirlit ríkisins*. Gerð er tillaga um 40 m.kr. hækkun á fjárveitingum til Vinnueftirlits ríkisins. Þar af eru 20 m.kr. vegna þess að við gerð fjárlaga ársins 2006 voru ríkistekjur hækkaðar umtalsvert en við þá breytingu láðist að taka tillit til kostnaðar sem fellur til við öflun þeirra tekna.

700 Málefni fatlaðra.

1.90 *Ýmis verkefni*. Gerð er tillaga um 60 m.kr. framlag til að koma til móts við kostnað sveitarfélaga við að bjóða fötluðum börnum í 5.–10. bekk grunnskólans svonefnda lengda viðveru fyrir og eftir reglulegan skólatíma. Lengd viðvera er þjónusta á vegum sveitarfélaga sem aðeins er boðin börnum í 1.–4. bekk grunnskólans. Gera sveitarfélög ráð fyrir eftir 5. bekk grunnskólans bjargi börn sér sjálf utan skólatíma þótt foreldrar séu í vinnu. Þetta á ekki við um mörg fötluð börn og þrátt fyrir brýna þörf hafa sveitarfélög ekki verið reiðubúin að bjóða eldri árgöngum fatlaðra grunnskólabarna upp á lengda viðveru en með hækkun framlags er vonast til að takast megi að ljúka samningagerð við sveitarfélög um þetta verkefni.

Þá er gerð tillaga um 30 m.kr. framlag vegna endurnýjunar þjónustusamninga um komandi áramót við fimm sveitarfélög/samlög sveitarfélaga um að þau annist þjónustu við fötluð börn og fullorðna innan vébanda sinna, sem og Styrktarfélag vangefinna í Reykjavík og Sjórnarhól, ráðgjafarmiðstöð. Slíkir þjónustusamningar hafa verið í gildi milli félagsmálaráðuneytisins og viðkomandi aðila um árabil með góðum árangri. Ráðuneytið mun auka kröfur um þjónustu, gæði, vinnu við mat á þjónustuþörf, notendagrunn sem tryggir vandaðar upplýsingar um þörf og nýtingu þjónustunnar hverju sinni o.fl.

701 Málefni fatlaðra, Reykjavík.

1.01 Almennur rekstur. Lagt er til að veittar verði 30 m.kr. til starfsemi nýrrar skammtímavistunar fyrir fötluð börn og ungmenni í Reykjavík. Mikil eftirspurn er eftir skammtímaþjónustu í Reykjavík og eru um 50 fötluð börn á biðlista sem njóta nú engrar slíkrar þjónustu. Fyrir a.m.k. jafnmörg er óskað frekari þjónustu en kostur er á að veita. Þetta er þjónusta sem léttir álagi af fjölskyldum þessara barna og nýtist m.a. systkinum þeirra sem foreldrar geta þá sinnt frekar. Gert er ráð fyrir að leigja húsnæði í þessu skyni.

Þá er gerð er tillaga um 2 m.kr. tímabundið framlag til foreldra sem annast alvarlega veik börn sín.

707 Málefni fatlaðra, Austurlandi.

1.30 Verndaðir vinnustaðir. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til Jónsvers í Vopnafirði.

801 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga.

1.10 Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, lögbundin framlög. Gert er ráð fyrir að fjárheimild liðarins lækki um 29 m.kr. í samræmi við endurskoðaða áætlun um lögboðin framlög í sjóðinn af skatttekjum og útsvarsstofni árið 2007. Spáin miðast við að innheimtar skatttekjur verði 332.936 m.kr. á næsta ári.

980 Vinnumálastofnun.

1.01 Vinnumálastofnun. Gerð er tillaga um 16 m.kr. fjárheimild þar sem umsóknum um atvinnuleyfi útlendinga hefur fjölgað mikið, svo og umsóknum um framlengingu leyfa og nýrra leyfa þegar skipt er um vinnuveitanda.

Þá er gerð tillaga um 4 m.kr. viðbótarfjárheimild til stofnunarinnar til að mæta kostnaði við framkvæmd laga um starfsmannaleigur sem tóku gildi 1. janúar 2006.

982 Ábyrgðasjóður launa.

1.01 Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota. Lagt er til að framlag til sjóðsins lækki um 150 m.kr. frá því sem áætlað er í frumvarpinu. Útgjöld sjóðsins hafa lækkað umtalsvert á árinu 2006 samanborið við árin 2002–2005 þegar þau voru um og yfir 700 m.kr. á ári. Árið 2006 er áætlað að þau verði um 470 m.kr. Með þeirri lækkun sem hér er lögð til er áætlað að útgjöld sjóðsins verði um 525 m.kr. á árinu 2007.

984 Atvinnuleysistryggingasjóður.

1.11 Atvinnuleysisbætur. Gert er ráð fyrir að kostnaður vegna atvinnuleysis verði 820 m.kr. lægri á árinu 2007 en reiknað var með í frumvarpinu. Skýrist það af því að þegar gengið var frá áætlun frumvarpsins var miðað við að atvinnuleysi yrði um 2,3% af vinnuafli en hlutfallið varð síðan nokkru lægra í endanlegri mynd þjóðhagsspár um miðjan september. Í endurskoðun sem gerð var á þjóðhagsforsendunum í byrjun nóvember í tengslum við áform um lækkun skatta á matvæli er gert ráð fyrir að atvinnuleysi verði enn minna, eða 1,9%, sem svarar til þess að meðafjöldi atvinnulausra á árinu verði 2.990 manns.

989 Fæðingarorlof.

1.11 Fæðingarorlofssjóður. Lagt er til að fjárheimild Fæðingarorlofssjóðs lækki um 200 m.kr. frá því sem áætlað er í frumvarpinu í ljósi þróunar útgjalda á árinu 2006. Áætlað er að útgjöld ársins 2006 verði um 6,4 milljarðar kr. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til verða útgjöldin 2007 um 7,1 milljarðar kr. eða um 11% hærri og svarar sú hækkun til meðalhækkunar á launavísitölu milli árana 2005 og 2006.

1.13 Foreldrar utan vinnumarkaðar. Lagt er til að framlög hækki um 30 m.kr. frá því sem áætlað er í frumvarpinu í ljósi áætlunar um útgjöld á árinu 2006.

999 Félagsmál, ýmis starfsemi.

1.34 Geysir, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Gerð er tillaga um 5,3 m.kr. hækkun á framlagi til klúbbsins Geysis.

1.35 Félag heyrnarlausra. Gerð er tillaga um 4 m.kr. hækkun á framlagi til Félags heyrnarlausra.

1.36 Félagið Geðhjálp. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til Geðhjálpar.

1.37 Strókur, vinnumiðlun fyrir geðfatlaða. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til klúbbsins Stróks, vinnumiðlunar fyrir geðfatlaða.

1.41 Stígamót. Gerð er tillaga um 5 m.kr. hækkun á framlagi til Stígamóta.

1.47 Félagsþjónusta við nýbúa. Gerð er tillaga um 4 m.kr. tímabundið framlag til að koma á fót rannsóknarmiðstöð um innflytjendamál á Íslandi sem hyggst vinna að viðtækum rannsóknum á stöðu og málefnum innflytjenda í íslensku samfélagi. Auk grunnrannsókna verður uppbygging fjölþætts gagnabanka eitt af fyrstu verkefnum hennar. Stofnunin hyggst hafa samvinnu við Háskóla Íslands og aðra háskóla, opinberar stofnanir og þá sem að málaflöknum koma.

1.49 Innflytjendaráð og móttaka flóttamanna. Gerð er tillaga um 9 m.kr. framlag til Innflytjendaráðs en ráðið hóf starfsemi sína í nóvember 2005 og er ætlað að hafa náði samstarf við önnur ráðuneyti, stofnanir og sveitarfélög um málefni er snerta aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi og má þar nefna söfnun og miðlun tölfræðilegra upplýsinga, mat á þörf fyrir tülkaþjónustu og rannsóknir á högum og aðlögun innflytjenda.

1.90 Ýmis framlög. Gerð er tillaga um 18,7 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis verði aukin um 1.541,5 m.kr.

201 Tryggingastofnun ríkisins.

1.01 Tryggingastofnun ríkisins. Lögð er til leiðrétting á áætluðum umsýslukostnaði stofnunarinnar við slysatryggingar. Í 1. umræðu um frumvarpið var lagt er til að áætlað yrði fyrir 66 m.kr. kostnaði við rekstur slysatrygginga hjá yfirstjórn Tryggingastofnunar, sértekjur voru hækkaðar um sömu fjárhæð. Inn í rekstrargrunni Tryggingastofnunar var hins vegar gert ráð fyrir 40 m.kr. vegna umsýslu við slysatryggingar. Sú fjárhæð er því tvítalin inni í rekstrargrunni Tryggingastofnunar og er lagt til að það verði leiðrétt.

203 Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

1.41 Heimilisuppbót. Lögð er til 16 m.kr. hækkun á heimilisuppbót ellilífeyrisþega vegna 300 þús. kr. frítekjumarks á atvinnutekjur. Tillagan er í samræmi við samkomulag við eldri borgara en þó er lagt til að framkvæmdinni verði flýtt um tvö ár frá því sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

204 Lífeyrstryggingar.

1.21 Tekjutrygging ellilífeyrisþega. Lögð er til 192 m.kr. hækkun á tekjutryggingu ellilífeyrisþega vegna 300 þús. kr. frítekjumarks á atvinnutekjur. Tillagan er í samræmi við samkomulag við eldri borgara en þó er lagt til að framkvæmdinni verði flýtt um tvö ár frá því sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

206 Sjúkratryggingar.

1.11 Lækniskostnaður. Gerð er tillaga um 50 m.kr. framlag til kaupa á læknisverkum hjá sérgreinalæknum vegna aukinnar eftirspurnar eftir þjónustu í ákveðnum sérgreinum. Jafnframt er unnið að endurskoðun reglugerðar nr. 471/2001 og gjaldskrá augnlækna

með það að markmiði að auka gagnsæi í notkun taxta og stemma stigu við auknum útgjöldum.

1.91 Annað. Lagt er til að 40 m.kr. verði veittar til aukinna kaupa á meðferðum við húðsjúkdómum í Bláa lóninu til viðbótar við þjónustukaup samkvæmt samningi Tryggingastofnunar ríkisins við meðferðarstöðina.

301 Landlæknir.

1.01 Landlæknir. Gerð er tillaga um 2,5 m.kr. framlag til verkefnisins Lífstré – Miðstöð fyrir konur sem greinast með brjóstamein og fjölskyldur þeirra. Hugmyndin er að opna stöð sem mun þjóna konum sem greinast með brjóstamein og fjölskyldum þeirra frá upphafi meðferðar til loka meðferðar og endurhæfingar þar sem boðið verði upp á samfellda þverfaglega og einstaklingsmiðaða þjónustu sem tekur heildstætt á öllum þáttum hefðbundinnar brjóstakrabbameinsmeðferðar auk þess að veita óhefðbundna meðferð.

305 Lýðheilsustöð.

1.01 Lýðheilsustöð. Lögð er til 3,9 m.kr. hækkun á framlagi til tóbaksvarna en samkvæmt lögum nr. 6/2002, um tóbaksvarnir, skal framlagið vera a.m.k. 0,9% af brúttósölu tóbaks. Samkvæmt upplýsingum frá ÁTVR er áætlað að á árinu 2007 verði brúttósala tóbaks 7.226,7 m.kr. með virðisaukaskatti. Lögbundið framlag verður samkvæmt því 65 m.kr. en í fjárlagafrumvarpinu er framlagið óbreytt frá gildandi fjárlögum, eða 61,1 m.kr. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2006 er jafnframt lögð til 12,2 m.kr. hækkun framlagsins vegna leiðréttingar á framlögum árin 2004–2006.

1.90 Forvarnasjóður. Lagt er til að fjárveiting til sjóðsins aukist um 37,3 m.kr. vegna áforma um breytingar á skatttekjum ríkissjóðs. Í tengslum við lækkun skatta á matvæli er gert ráð fyrir að virðisaukaskattur af áfengi lækki niður í 7% skattþrep en að áfengisgjald hækki á móti þannig að útsöluverð áfengis verði því sem næst óbreytt. Þar sem Forvarnasjóður er fjármagnaður með 1% hlutdeild í áfengisgjaldinu leiðir þessi breyting á skattkerfinu til aukins fjárstreymis til sjóðsins sem nemur um 50% frá því sem reiknað er með í frumvarpinu.

358 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri.

1.01 Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri. Gerð er tillaga 100 m.kr. hækkun rekstrarframlags til óbreyttrar starfsemi Fjórðungssjúkrahússins Akureyri. Á undanförunum árum hefur starfsemi sjúkrahússins aukist verulega og í kjölfarið hafa ýmir kostnaðarliðir komið til sem hafa óhjákvæmlega leitt til aukinna útgjalda. Með framlaginu er komið til móts við sjúkrahúsið til að standa undir auknu þjónustustigi.

373 Landspítali – háskólasjúkrahús.

1.01 Landspítali – háskólasjúkrahús. Lögð er til 1.000 m.kr. hækkun til að styrkja rekstrargrunn Landspítala – háskólasjúkrahúss. Það sem af er þessu ári hefur kostnaður við rekstur spítalans aukist umtalsvert. Þá hefur starfsemi spítalans aukist nokkuð sem einnig hefur leitt til aukinna útgjalda umfram fjárheimildir. Við 2. umræðu fjárukalaga fyrir árið 2006 var lagt til að veitt yrði 1.000 m.kr. framlag til spítalans og ljóst er að einnig þarf að koma til aukið framlag við 2. umræðu um fjárlög fyrir árið 2007 ef ekki á að draga verulega úr þjónustu.

Þá er lagt til að 23,4 m.kr. verði millifærðar af safnlið heilsugæslustöðva almennt til Landspítala – háskólasjúkrahúss til að veita öldruðum veikum einstaklingum heima-hjúkrun í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

379 Sjúkrahús, óskipt.

6.50 Stofnkostnaður. Lagt er til 15 m.kr. framlag til hefja undirbúning að stækkun réttar-geddeildar fyrir ósakhæfa afbrotamenn að Sogni, Ölfusi, sem upphaflega var gerð fyrir

sex vistmenn. Á undanförunum árum hafa nokkuð fleiri verið vistaðir á stofnuninni og fyrirsjáanlegt er að svo verði á næstum árum. Unnið hefur verið að undirbúningi að stækkun stofnunarinnar svo að þar geti verið allt að 20 vistmenn.

399 Heilbrigðismál, ýmis starfsemi.

1.33 *Samband íslenskra berkla- og brjósthóssjúklinga*. Gerð er tillaga um 7 m.kr. framlag til SÍBS á nýju viðfangsefni til félagsmálastarfsemi á vegum samtakanna.

1.34 *Hjartaheill*. Gerð er tillaga um að veita 4 m.kr. tímabundið framlag til sérstaks forvarnaáttaks á Suðurnesjum. Jafnframt er gerð tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til almenns rekstrar Hjartaheilla.

1.58 *Krýsuvíkurskóli, vist- og meðferðarheimili*. Gerð er tillaga um 10 m.kr. tímabundna hækkun á framlagi til meðferðarheimilisins í Krýsuvík.

1.90 *Ýmis framlög*. Gerð er tillaga um 2,8 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

1.98 *Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis*. Lögð er til 8,7 m.kr. tímabundin fjárveiting til tilraunaverkefnis til þriggja ára um meðferðarstarfsemi í Gaulverjaskóla sem er grunnskóli. Lagt er til að ríkissjóður taki þátt í hluta kostnaðar samkvæmt samningi sem gerður verður og er hlut ríkisins ætlað að standa undir faglegu meðferðarstarfi barna með alvarlegar geðraskanir. Eftir tímabundnið nám og meðferð í skólanum er nemendum ætlað að hverfa aftur til fyrri grunnskóla.

401 Öldrunarstofnanir, almennt.

6.15 *Hjúkrunarheimilið Hulduhlíð, Eskifirði*. Lögð er til 21,1 m.kr. lækkun fjárveitingar til uppbyggingar hjúkrunarheimilisins Hulduhlíðar, Eskifirði, í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Gert er ráð fyrir 20 nýjum hjúkrunarrýmum og að framkvæmdum ljúki síðla árs 2007. Lagt er til að fjárveiting til framkvæmdarinnar verði 24,4 m.kr. á árinu 2007 og lækki um 21,1 m.kr., en að lokafjárveiting til framkvæmdarinnar komi á árinu 2008.

6.17 *Hjúkrunarheimilið Naust, Þórshöfn*. Lögð er til 7,7 m.kr. lækkun fjárveitingar til uppbyggingar hjúkrunarheimilisins Nausts, Þórshöfn, í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012 þar sem uppbyggingu hjúkrunarheimilisins er lokið.

6.27 *Jaðar, Ólafsvík*. Gerð er tillaga um 20 m.kr. tímabundið framlag til stækkunar Jaðars í Ólafsvík.

6.38 *Klausturhólar, Kirkjubæjarklaustri*. Lögð er til 0,9 m.kr. hækkun fjárveitingar til uppbyggingar Klausturhóla, Kirkjubæjarklaustri, í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Framkvæmdum er lokið að undanskildum lóðaframkvæmdum. Síðasta greiðsla vegna framkvæmdanna er 0,9 m.kr. hærri en áætlað var eða 17,5 m.kr.

419 St. Jósefsspítali, Sólvangur.

1.01 *Hjúkrunarrými*. Lagt er til að 400,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð af þessum lið á 08-795 St. Jósefsspítali, Sólvangur þar sem stofnanirnar voru sameinaðar um áramótin 2005/2006. Lagt er til að fjárheimildir þessara tveggja fjárlagaliða verði færðar á einn fjárlagalið.

441 Ás/Ásbyrgi, Hveragerði.

1.17 *Geðrými*. Gerð er tillaga um 17 m.kr. hækkun framlaga til að leiðréttu daggjöld vegna geðrýma til samræmis við leiðréttingar á daggjöldum til hjúkrunarheimila þar sem hliðstæð þjónusta er veitt.

492 Heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands.

1.10 Endurhæfingardeild. Gerð er tillaga um 5 m.kr. framlag til aukinna þjónustukaupa í samræmi við nýjan þjónustusamning milli stofnunarinnar og heilbrigðisráðuneytis. Nýr þjónustusamningur tekur gildi í ársbyrjun 2007 og þar er gert ráð fyrir hækkun samningsfjárhæðar.

500 Heilsugæslustöðvar, almennt.

1.10 Heilsugæslustöðvar, almennt. Lagt er til að 68 m.kr. verði millifærðar af safnlið heilsugæslustöðva almennt. Annars vegar er lagt til að 23,4 m.kr. verði millifærðar til Landspítala – háskólasjúkrahúss og hins vegar að 44,6 m.kr. verði millifærðar til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að veita öldruðum veikum einstaklingum heimahjúkrun í samstarfi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Landspítala – háskólasjúkrahúss.

501 Sjúkraflutningar.

1.11 Sjúkraflutningar. Lagt er til að 53,6 m.kr. verði millifærðar af þessum lið til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands, 08-787. Stofnunin tók við sjúkraflutningum á starfssvæði sínu 1. janúar 2006, en flutningarnir höfðu áður verið í höndum sýslumannsins á Selfossi og fjárheimildir verkefnisins voru þá færðar á þennan fjárlagalið.

1.15 Sjúkraflug. Gerð er tillaga um 6,3 m.kr. tímabundið framlag til að mæta kostnaði við staðsetningu sjúkraflugvélar á Ísafirði í vetur. Þar sem framkvæmdum á Þingeyrarflugvelli hvað varðar aðflugsbúnað er ekki að fullu lokið, hefur verið ákveðið að staðsetja flugvakt á Ísafirði í vetur.

506 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu.

1.01 Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu. Lagt er til að 44,6 m.kr. verði millifærðar hingað af safnlið heilsugæslustöðva til að veita öldruðum veikum einstaklingum heimahjúkrun í samstarfi við Landspítala – háskólasjúkrahús.

700 Heilbrigðisstofnanir.

6.45 Heilbrigðisstofnunin Blönduósi. Lögð er til 0,6 m.kr. lækkun fjárveitingar til uppbyggingar nýrrar heilsugæslustöðvar á Skagaströnd í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Framkvæmdum er lokið og er gert ráð fyrir að endanlegur kostnaður verði 0,6 m.kr. lægri en upphaflega var áætlað.

6.55 Heilbrigðisstofnunin Siglufirði. Lögð er til 50,5 m.kr. hækkun fjárveitingar til viðbyggingar Heilbrigðisstofnunarinnar Siglufirði í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012 en í fjárlagafrumvarpi er gert ráð fyrir 38 m.kr. til framkvæmdanna árið 2007.

6.61 Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Lagt er til 32 m.kr. framlag til endurbóta á húsnæði heilsugæslunnar á Raufarhöfn í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Áætlað er að byggja lítillaga við núverandi hús, breyta innréttingu neðri hæðar og lagfæra efri hæð þess.

6.77 Heilbrigðisstofnun Austurlands. Lögð er til 80,2 m.kr. lækkun framlaga til endurbóta á húsnæði sjúkrahússins í Neskaupstað í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012 þar sem komið er að lokum framkvæmda. Með lækkuninni verður framlag til framkvæmda 12,9 m.kr. á árinu 2007.

6.87 Heilbrigðisstofnun Suðurlands. Lögð er til 11,2 m.kr. hækkun framlaga til viðbyggingar Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Selfossi í samræmi við áætlun um framkvæmdir við heilbrigðisstofnanir árin 2007–2012. Framlagið er til viðbótar 95 m.kr. sem frumvarpið gerir þegar ráð fyrir að fari til verksins.

6.91 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og 6.99 Bygging heilbrigðisstofnana, óskipt. Lagt er til að 104,5 m.kr. framlag til innréttingar á 3. hæð D-álmú Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja verði millifært af óskiptum lið á sérstakt viðfang innan sama fjárlagaliðar.

781 Heilbrigðisstofnunin Vestmannaeyjum.

1.01 Heilsugæslusvið og 1.11 Sjúkrasvið. Lagt er til að 24,5 m.kr. verði millifærðar af sjúkrasviði stofnunarinnar á heilsugæslusvið í samræmi við niðurstöður reiknilíkans.

787 Heilbrigðisstofnun Suðurlands.

1.01 Heilsugæslusvið. Lagt er til að 53,6 m.kr. verði millifærðar hingað af lið 08-501 Sjúkraflutningar en stofnunin tók við sjúkraflutningum á starfssvæði sínu 1. janúar 2006 en þeir höfðu áður verið í höndum sýslumannsins á Selfossi.

Jafnframt er gerð tillaga um 9 m.kr. framlag til að mæta hækkun launakostnaðar við sjúkraflutninga hjá Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Selfossi, en um síðustu áramót fluttist verkefnið frá sýslumanninum á Selfossi til stofnunarinnar. Frá þeim tíma hefur starfsmönnum sjúkraflutninga verið greitt kaup samkvæmt kjarasamningi launaneftdar ríkisins við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem er nokkru hærra en áður var.

791 Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

1.01 Heilsugæslusvið. Lögð er til 9 m.kr. hækkun framlags til að koma á fót sólarhringsþjónustu í heimahjúkrun í Reykjanesbæ.

795 St. Jósefsspítali, Sólvangur.

1.21 Hjúkrunarrými. Lagt er til að 400,9 m.kr. fjárheimild verði millifærð af lið 08-419 Sólvangur, Hafnarfirði á þennan lið þar sem stofnanirnar voru sameinaðar um áramótin 2005/2006. Lagt er til að fjárheimildir þessara tveggja fjárlagaliða verði færðar á einn fjárlagalið.

09 Fjármálaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild fjármálaráðuneytis verði aukin um 737,4 m.kr.

402 Fasteignamat ríkisins.

1.01 Fasteignamat ríkisins. Lagt er til að framlag til reksturs á Landskrá fasteigna hjá stofnuninni hækki um 52,5 m.kr. tímabundið næstu tvö árin. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að sú fjárheimild félli niður þar sem fjármögnun hennar með umsýslugjaldi átti að renna út í lok þessa árs. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, er nú gert ráð fyrir að umsýslugjald verði framlengt til ársins 2008. Er hækkun fjárheimildarinnar háð framlengingu gjaldsins.

Þá er lagt til að bein greiðsla úr ríkissjóði lækki um 172,5 m.kr. þar sem tekjur af umsýslugjaldi falla ekki niður eins og gert var ráð fyrir í frumvarpinu heldur er nú áformað að framlengja gjaldtökuna um tvö ár samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna.

6.02 Landskrá fasteigna. Lagt er til að framlag til uppbyggingar á Landskrá fasteigna hjá stofnuninni hækki um 100 m.kr. tímabundið næstu tvö árin. Í frumvarpinu var gert ráð fyrir að sú fjárheimild félli niður þar sem fjármögnun hennar með umsýslugjaldi átti að renna út í lok þessa árs. Samkvæmt frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, er nú gert ráð fyrir að umsýslugjald verði framlengt til ársins 2008. Er hækkun fjárheimildarinnar háð framlengingu gjaldsins.

721 Fjármagnstekjuskattur.

1.11 Fjármagnstekjuskattur. Lagt er til að fjárheimild vegna fjármagnstekjuskatts af fengnum arði og vaxatekjum sem gjaldfærður er hjá ríkinu hækki um 1.365 m.kr. Stærsti

hluta hækkunarinnar skýrist af vaxtatekjum af innstæðu ríkissjóðs í Seðlabankanum sem hefur aukist mikið vegna tekjuafgangs í ríkisrekstrinum og söluandvirðis Landssímans. Skatturinn færir einnig sem tekjur hjá ríkissjóði og hefur því ekki áhrif á afkomu ársins.

984 Fasteignir ríkissjóðs.

5.21 Viðhald fasteigna. Gerð er tillaga um að liðurinn hækki um 200 m.kr. og verði 910,7 m.kr. að dregið verði úr fyrri áformum um lækun viðhalds hjá Fasteignum ríkissjóðs þannig að lækunin verði 250 m.kr. á næsta ári í stað 450 m.kr. eins og áformað var. Er því dregið úr fyrri áformum um frestun á viðhaldsverkefnum.

989 Launa- og verðlagsmál.

1.90 Launa- og verðlagsmál. Gert er ráð fyrir að fjárheimildir stofnana hækki af tveimur tilefnum sem varða launaforsendur. Í fyrsta lagi er um að ræða um 220 m.kr. hækkun vegna ákvörðunar kjararáðs eftir framlagningu fjárlagafrumvarpsins um 3% afturvirka hækkun embættismanna frá 1. júlí 2006 sem gildir þá allt árið 2007. Í öðru lagi er um að ræða 70,7 m.kr. vegna hækkunar byrjunarlauna tiltekinna hópa starfsmanna SFR í umönnunarstörfum um þrjá launaflokka frá 1. maí 2006 sem láðist að gera ráð fyrir í forsendum frumvarpsins. Gert var ráð fyrir sambærilegum breytingum á fjárheimildum viðkomandi stofnana í tillögum við 2. umræðu frumvarps til fjárlagalauga fyrir árið 2006. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og verði breytingarnar samþykktar munu þær koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

Í ljósi þess að verðlagsspá fjárlagafrumvarpsins hefur lækkað og gerðar hafa verið tillögur um að bæta stofnunum launabreytingar vegna ákvörðunar kjararáðs og hækkunar byrjunarlauna hjá starfsmönnum SFR er lagt til að liðurinn lækki um 200 m.kr. Fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 4,5% hækkun á almennu verðlagi milli árána 2006 og 2007 og var þá miðað við forsendu þjóðhagsspár um breytingar á vísitölu neysulverðs. Sú spá hefur verið endurmetin í ljósi áforma um lækkun á sköttum á matvæli og er nú spáð að verðbólgan verði 3% á þennan mælikvarða. Verðlagsforsendur frumvarpsins hafa verið endurreiknaðar með tilliti til þessarar breytingar og hefur það í för með sér nokkra lækkun á fjárheimildum, einkum á öðrum rekstrargjöldum stofnana en launum, sem samtals nema 1.070,8 m.kr. Skipting á einstök viðfangsefni er sýnd í sérstöku yfirliti með breytingartillögum meiri hlutans og munu breytingarnar koma fram í viðkomandi fjárveitingum í stöðuskjali frumvarpsins eftir 2. umræðu þess.

10 Samgönguráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild samgönguráðuneytis verði aukin um 367,9 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.90 Ýmislegt. Gerð er tillaga um 19,4 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

211 Rekstur Vegagerðarinnar.

1.13 Styrkir til innanlandsflugs. Gerð er tillaga um að fjárheimild viðfangsefnisins verði hækkuð um 95 m.kr. Í fyrsta lagi var flug á þeim leiðum sem styrktar hafa verið boðið út á árinu 2006 og verða greiðslur samkvæmt samningum sem gerðir voru á grundvelli útboðsins hærrí en verið hefur. Í öðru lagi var áætlunarflugi til Vestmannaeyja hætt í september sl. og ákvað ríkisstjórnin í kjölfarið að hefja styrkt áætlunarflug þangað. Kostnaður við þann samning er um 70 m.kr. á ársgrundvelli.

335 Siglingastofnun Íslands.

1.11 Vaktstöð siglinga. Lögð er til 10,8 m.kr. hækkun á framlagi til þjónustusamnings við Neyðarlínuna hf. um rekstur Vaktstöðvar siglinga. Um er að ræða verðlagsákvæði samningsins en verðlagsbætur fjárlaga hafa ekki nægt fyrir þeim hækkunum sem samningurinn kveður á um.

336 Hafnabótasjóður.

6.70 Hafnamannvirki. Gerð er tillaga um 200 m.kr. framlag til fyrsta áfanga í gerð hafnar við Bakkafjöru. Með tilkomu hafnar í Bakkafjöru er áætlað að sigling milli lands og eyja muni taka rúman hálf tíma í stað tæpra 3 klst. og ferðatíminn til Reykjavíkur verði rúmar 2 klst. í stað tæpra 4 klst. Áætlað er að verkinu ljúki árið 2010 en til þess að það megi takast þarf að ljúka við frumrannsóknir og byggingarannsóknir á þessu ári og því næsta. Auk þess þarf að hefja sáningu á Bakkafjöru sem fyrst til að ná að hefta sandfok.

6.74 Lendingabætur. Gerð er tillaga um 1,8 m.kr. tímabundna hækkun á liðnum og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

471 Flugmálastjórn Íslands.

1.01 Flugmálastjórn Íslands. Gerð er tillaga um millifærslu til Flugmálastjórnar Íslands á 30,1 m.kr. fjárheimild af nýju viðfangsefni, Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Um er að ræða kostnað sem talið var að hin nýja stjórnslustofnun yrði fyrir við uppskiptingu núverandi stofnunar og gerðar þjónustusamnings um rekstur flugvalla og um flugleiðsöguþjónustu, sbr. kostnaðarmat frumvarps þess sem varð að lögum um Flugmálastjórn Íslands.

Þá er lagt er til að millifærðar verði 19,1 m.kr. á fjárlagalið Veðurstofunnar. Flugmálastjórn greiðir Veðurstofunni fyrir veðurþjónustu við innanlandsflug og því er lagt til að fjárveitingin færist til Veðurstofunnar.

475 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta.

1.01 Flugvellir og flugleiðsöguþjónusta. Gerð er tillaga um millifærslu á 30,1 m.kr. fjárheimild af þessu viðfangsefni til Flugmálastjórnar Íslands. Um er að ræða kostnað sem talið var að hin nýja stjórnslustofnun yrði fyrir við uppskiptingu núverandi stofnunar og gerðar þjónustusamnings um rekstur flugvalla og um flugleiðsöguþjónustu, sbr. kostnaðarmat frumvarps þess sem varð að lögum um Flugmálastjórn Íslands.

651 Ferðamálastofa.

1.05 Landkynningarskrifstofur erlendis. Gerð er tillaga um 40 m.kr. framlag til átaks í landkynningu.

1.11 Ferðamálasamtök landshluta. Gerð er tillaga um 20 m.kr. framlag til að efla upplýsingamiðstöðvar.

11 Iðnaðarráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild iðnaðarráðuneytis verði aukin um 61 m.kr.

299 Iðja og iðnaður, framlög.

1.50 Nýsköpun og markaðsmál. Gerð er tillaga um 21 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

399 Ýmis orkumál.

1.13 Hafsbotsrannsóknir. Lagt er til að veitt verði 15 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að halda áfram með hafréttarverkefni sem unnið hefur verið að frá árinu 2001. Ljúka þarf greinargerð um vesturhluta Reykjaneshryggjar og Síldarsmuguna og halda áfram viðræðum um Hatton–Rockall-svæðið. Ýmsar ástæður eru fyrir því að verkefnið

fór fram úr áætlun árin 2001–2006, en helst er skipting Síldarsmugunnar, en áætlanir gerðu einungis ráð fyrir rannsóknunum út af Reykjaneshrygg.

1.22 Vistvæðir orkugjafar. Lagt er til að veitt verði 25 m.kr. tímabundið framlag í þrjú ár til að hefja megi verkefni um rekstur 30 vetnisbíla á Íslandi. Verkefnið mun að mestu verða unnið á árunum 2008 og 2009, en tryggja þarf fjárveitingu til að unnt sé að hefja undirbúningsstarf á árinu 2007.

12 Viðskiptaráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild viðskiptaráðuneytis verði aukin um 17 m.kr.

411 Samkeppniseftirlitið.

1.01 Samkeppniseftirlitið. Lagt er til að veitt verði 17 m.kr. framlag til eflingar eftirlitsins. Í fyrsta lagi að veittar verði 10 m.kr. til að gera stofnuninni kleift að flytjast í nýtt húsnæði. Í öðru lagi að veitt verði 7 m.kr. framlag til að unnt verði að fjölga um eitt stöðugildi hjá stofnuninni.

13 Hagstofa Íslands

Lagt er til að fjárheimild Hagstofu Íslands verði aukin um 35 m.kr.

101 Hagstofa Íslands.

1.01 Hagstofa Íslands. Gerð er tillaga um 20 m.kr. fjárveitingu til að bæta Hagstofunni upp tekjutap sem hún verður fyrir vegna flutnings þjóðskrár til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins en rekstur þjóðskrárinnar hefur skilað Hagstofunni umtalsverðum tekjuafgangi sem nýttur hefur verið til hagskýrslugerðar.

Þá er lögð til 15 m.kr. fjárveiting vegna stöðu tveggja sérfræðinga til að vinna að endurskoðun á hagskýrslugerð um þjónustuviðskipti við útlönd og undirbúa að verkefnið verði flutt frá Seðlabanka Íslands til Hagstofunnar. Jafnframt er gert ráð fyrir 10 m.kr. viðbótarfjárveitingu á árinu 2008 þegar verkefnið verður endanlega flutt til Hagstofu. Viðræður hafa verið í gangi milli Hagstofunnar og Seðlabankans um breytta tilhögun á skýrslugerð um þjónustuviðskiptin, en Seðlabankinn hefur annast þessa skýrslugerð um langt árabíl.

14 Umhverfissráðuneyti

Lagt er til að fjárheimild umhverfissráðuneytis verði aukin um 236 m.kr.

190 Ýmis verkefni.

1.29 Rannsóknir á botndýrum á Íslandsmiðum. Gerð er tillaga um 6 m.kr. fjárveitingu til að reka megi rannsóknarstöðina í Sandgerði áfram í núverandi mynd, en uppsafnaður halli á rekstri verkefnisins nam 3,6 m.kr. í árslok 2005. Markmið rannsóknanna er að byggja upp góðan gagnagrunn sem megi nýta til margvíslegra verkefna sem tengjast verndun og skynsamlegri nýtingu lífríkisins í hafinu og vöktun þess, ásamt því að byggja upp einstakt safn sjávarlífvera sem nýta má til margvíslegra rannsókna, kennslu og almenningsfræðslu.

1.41 Skrifstofa um vernd gróður- og dýraríkis á norðlægum slóðum, CAFF. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til reksturs CAFF-skrifstofunnar á Akureyri.

1.42 Skrifstofa Norðurskautsráðsins um varnir gegn mengun hafsins, PAME. Gerð er tillaga um 1 m.kr. tímabundið framlag til reksturs PAME-skrifstofunnar á Akureyri.

1.90 Ýmis verkefni. Gerð er tillaga um 4,9 m.kr. tímabundna hækkun liðarins og er sundurliðun hans sýnd í sérstökum yfirlitum með breytingartillögum meiri hlutans.

211 Umhverfisstofnun.

1.01 Umhverfisstofnun. Gerð er tillaga um 9 m.kr. fjárveitingu til að greiða laun og annan rekstrarkostnað sem til mun falla vegna umhverfissvöktunar í kjölfar innleiðingar Íslands á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkel og fjölrhringja arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti, en gerðin á að vera komin til framkvæmda 15. febrúar 2007. Kostnaður við tilskipunina er verulegur og auk kostnaðar við vöktun þarf að gera dýrar efnagreiningar á þungmálmum. Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2006 er jafnframt gerð tillaga um 11 m.kr. framlag til kaupa á mælitækjum.

Jafnframt er gerð tillaga um 7 m.kr. tímabundið framlag til að undirbúa opnun Surtseyjarstofu í Vestmannaeyjum en óskað hefur verið eftir því að Surtsey verði tekin inn á heimsminjalista Sameinuðu þjóðanna á árinu 2008. Þegar Surtseyjarstofan verður komin í fullan rekstur á árinu 2008 er gert ráð fyrir að fjárveitingin hækki í 15 m.kr. Í Surtseyjarstofu munu fara fram kynningar og veittar upplýsingar um Surtsey og Vestmannaeyjar þegar friðlýsing á búsvæði fugla í Vestmannaeyjum tekur gildi samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004–2008.

212 Vatnajökulspjóðgarður.

1.01 Vatnajökulspjóðgarður. Gerð er tillaga um 59 m.kr. tímabundið framlag vegna ýmiss undirbúningskostnaðar við stofnun Vatnajökulspjóðgarðs. Er þar um að ræða 40 m.kr. til gerðar verndaráætlana og deiliskipulags, 10 m.kr. vegna samkeppni um útlit og hönnun, 6 m.kr. vegna hönnunar og gerðar sýninga og 3 m.kr. til útgáfu bæklinga.

Þá er gerð tillaga um 10 m.kr. fjárveitingu til að standa straum af kostnaði stjórnar og svæðisráða eftir stofnun Vatnajökulspjóðgarðs, en áformað er að umhverfisráðherra muni leggja fram lagafrumvarp um þjóðgarðinn á yfirstandandi þingi. Gert er ráð fyrir að lögin taki gildi 1. maí 2007 og að Vatnajökulspjóðgarður verði sérstök ríkisstofnun. Í framhaldi af gildistöku laganna hefst vinna við uppbyggingu garðsins og er áætlað að hún fari fram jafnt og þétt á næstu árum og verði lokið árið 2012. Í heild er áætlað að kostnaður við framkvæmdir og önnur einsskiptis undirbúningsverkefni verði 1.150 m.kr., þar af 740 m.kr. vegna byggingar fjögurra nýrra gestastofa og endurbóta á gestastofunni í Skaftafelli, 121 m.kr. vegna byggingar ellefu starfsstöðva landvarða og 289 m.kr. vegna ýmiss annars kostnaðar, svo sem gerðar göngustíga, verndaráætlana, deiliskipulags, hönnunar, sýninga o.fl. Gert er ráð fyrir að núverandi þjóðgarðar í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum renni inn í Vatnajökulspjóðgarð og að strax á árinu 2008 verði rekstur garðsins kominn á gott skrið. Kostnaðaráætlun fyrir árið 2007 er 119 m.kr., þar af eru 50 m.kr. í stofnkostnað, 59 m.kr. í annan undirbúningskostnað og 10 m.kr. í rekstrarkostnað.

6.41 Framkvæmdir. Gerð er tillaga um 50 m.kr. tímabundið framlag til endurbóta á gestastofu þjóðgarðsins í Skaftafelli. Um er að ræða fyrsta áfanga í uppbyggingu gestastöðva í Vatnajökulspjóðgarði, en eins og áður hefur komið fram er gert ráð fyrir að núverandi þjóðgarðar í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum verði hluti af Vatnajökulspjóðgarði.

310 Landmælingar Íslands.

1.01 Landmælingar Íslands. Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Landmælinga Íslands.

401 Náttúrufræðistofnun Íslands.

1.01 Náttúrufræðistofnun Íslands. Gerð er tillaga um 10 m.kr. hækkun á framlagi til reksturs Náttúrufræðistofnunar Íslands.

403 Náttúrustofur.

Gerð er tillaga um að veita sérhverri af eftirfarandi náttúrustofum 7 m.kr. tímabundið framlag til rannsóknarverkefna:

- 1.10 Náttúrustofa Neskaupstað.
- 1.11 Náttúrustofa Vestmannaeyjum.
- 1.12 Náttúrustofa Bolungarvík.
- 1.13 Náttúrustofa Stykkishólmi.
- 1.14 Náttúrustofa Sauðárkróki.
- 1.15 Náttúrustofa Sandgerði.
- 1.16 Náttúrustofa Húsavík.

410 Veðurstofa Íslands.

1.01 *Almenn starfsemi.* Lagt er til að 19,1 m.kr. fjárveiting vegna veðurþjónustu við innanlandsflug verði færð frá Flugmálastjórn Íslands til Veðurstofu Íslands til samræmis við lög um veðurþjónustu sem samþykkt voru á 131. löggjafarþingi, en skv. 6. gr. þeirra telst veðurþjónusta fyrir flugvelli til grunnþjónustu sem Veðurstofu Íslands er skylt að sinna. Tillaga sama efnis er gerð á fjárlagalið Flugmálastjórnar.

19 Vaxtagjöld ríkissjóðs

Lagt er til að fjárheimild vaxtagjalda ríkissjóðs verði aukin um 4.675 m.kr.

801 Vaxtagjöld ríkissjóðs.

1.10 *Vaxtagjöld ríkissjóðs.* Gert er ráð fyrir að gjaldfærð og greidd vaxtagjöld hækki um 3.480 m.kr. frá því sem reiknað er með í frumvarpinu. Í byrjun nóvember sl. var ákveðið að heimila Seðlabanka Íslands að ráðast í opinbera skuldabréfaútgáfu til fimm ára fyrir hönd ríkissjóðs á erlendum markaði sem getur numið allt að einum milljarði evra eða sem svarar til um 87 milljarða kr. miðað við gengi krónunnar um þessar mundir. Markmið útgáfunnar er að nýta andvirði lántökunnar til að tvöfalda gjaldeyrisforða Seðlabankans. Mikilvægt þykir að bregðast með þeim hætti við miklum vexti íslenska bankakerfisins á síðustu árum og vaxandi starfsemi bankanna erlendis samhliða því að stöðutaka erlendra aðila í íslenskum krónum hefur vaxið hratt með útgáfu svonefndra jökla-bréfa og annarri stöðutöku með krónunni. Hröð innlausn slíkra samninga gæti haft mikil áhrif á gengi krónunnar. Gert er ráð fyrir að vaxta- og gjaldmiðlaáhættu af útgáfunni verði eytt með því að kaupa auðseljanleg skuldabréf í samsvarandi tímalengdum. Áformað er að ráðstafa þessum fjármunum á sérstaka innlánsreikninga ríkissjóðs í Seðlabankanum en einnig er til skoðunar að hluta þeirra verði varið til að efla eiginfjárstöðu bankans. Áætlun um vaxtagjöldin miðast við þau kjör sem í boði eru fyrir þau skuldabréf sem talin eru vera hagstæðust í þessu skyni. Ríkissjóður mun á móti hafa vaxtatekjur af innlánsreikningunum í Seðlabankanum en þeir vextir taka mið af skuldabréfasafninu sem fjármunirnir verða bundnir í og er reiknað með að þeir geti orðið heldur lægri en af útgefna skuldabréfinu. Þær tekjur eru áætlaðar um 3.415 m.kr., eða um 65 m.kr. lægri en vaxtagjöldin, og hefur þessi ráðstöfun því ekki veruleg áhrif á afkomu ríkissjóðs en eykur veltuna og hækkar stöðu skulda og eigna. Ef hluti þessara fjármuna verður nýttur til að auka eigið fé bankans greiðast ekki vextir af þeim hluta en á hinn bóginn gætu arðgreiðslur orðið hærri.

Gert er ráð fyrir að gjaldfærð vaxtagjöld hækki um 1.195 m.kr. frá því sem reiknað er með í frumvarpinu. Hinn 1. nóvember sl. var gerður samningur um kaup íslenska ríkisins á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Samkvæmt samningnum er kaupverðið 30,3 milljarðar kr. og greiðast um 3,4 milljarðar kr. af því

um áramótin en gefið er út skuldabréf fyrir eftirstöðvunum, 26,9 milljörðum kr., til handa lífeyrissjóðum starfsmanna sveitarfélaganna tveggja. Skuldabréfin eru til 28 ára og greiðast upp með 56 jöfnum afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 10. júlí 2007, og bera breytilega vexti sem taka mið af meðalávöxtunarkröfu tiltekins flokks íbúðabréfa síðustu sex mánuði fyrir gjalddaga. Vextir reiknast frá 1. janúar 2007. Áætlun um vaxtagjöldin á næsta ári miðast við núverandi viðmiðunarvexti íbúðabréfanna umfram verðtryggingu, 4,34%. Gert er ráð fyrir að greiddir vextir á næsta ári verði lægri eða um 630 m.kr. þar sem einungis ein greiðsla fellur til á fyrsta árinu.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði **samþykkt** með breytingum þeim sem skýrðar hafa verið og gerð er tillaga um í sérstökum þingskjöllum.

Alþingi, 21. nóv. 2006.

Birkir J. Jónsson,
form., frsm.

Einar Oddur Kristjánsson.

Drífa Hjartardóttir.

Ásta Möller.

Bjarni Benediktsson.

Guðjón Ólafur Jónsson.

Fylgiskjal I.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2007, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá meiri hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Í samræmi við 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, hefur nefndin fjallað um 1. gr. fjárlagafrumvarpsins fyrir árið 2006, sbr. sundurliðun 1.

Á fund nefndarinnar komu fulltrúar fjármálaráðuneytis, Benedikt Valsson og Dórothea Jóhannsdóttir. Einnig komu á fund nefndarinnar Jón Bentsson frá Glitni, Björn Rúnar Guðmundsson frá Landsbanka Íslands, Ásgeir Jónsson og Þóra Helgadóttir frá KB-banka og Rannveig Sigurðardóttir og Markús Möller frá Seðlabanka Íslands.

Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 er gert ráð fyrir að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2007 geti numið um 373 milljörðum kr. en það er 1,7 milljarða kr. lækkun frá áætlun árs 2006. Í frumvarpinu er áætlað að skatttekjur ríkissjóðs geti numið tæpum 344 milljörðum kr. og lækki um 4,4 milljarða kr. frá árinu 2006.

Í spá fjármálaráðuneytis er gert ráð fyrir að hagvöxtur verði 1,5% á árinu 2007. Spáð er 3% verðbólgu og er reiknað með að markmiði Seðlabanka Íslands um 2,5% verðbólgu verði náð á árinu 2007. Þá er því spáð að verðbólgan verði 2,2% á árinu 2008. Atvinnuleysi er spáð 1,9% á árinu 2007. Talið er að viðskiptahallinn verði 11,1% af landsframleiðslu árið 2007.

Fulltrúar fjármálaráðuneytis lögðu fyrir nefndina breytingar á tekjuáætlun á grundvelli breyttrar spár, fyrirhugaðra lagabreytinga og lántöku ríkissjóðs að fjárhæð 3,1 milljarður kr. Meðal breytinga má nefna að ríkissjóður hyggst taka lán til að efla gjaldeyrisvarasjóðinn sem hækkar annars vegar vaxtatekjur (3,4 milljarðar kr.) og hins vegar fjármagnstekjuskatt (1,3 milljarðar kr.). Þá er fyrirhugað að lækka matarskattinn 1. mars 2007. Sú ráðstöfun lækkar tekjur ríkissjóðs af virðisaukaskatti (-12,4 milljarðar kr.) og hækkar tekjuskatt einstaklinga (1,5 milljarðar kr.). Jafnframt hækkar áfengisgjald (3,8 milljarðar kr.) þar sem fyrirhugað er að halda verði á áfengi óbreyttu að meðaltali þrátt fyrir að virðisaukaskattur verði lækkaður. Þá gefur niðurstaða álagningar tekjuskatts á lögðila tilefni til að hækka áætlaðar tekjur af þeim skatti (5 milljarðar kr.). Meiri hlutinn vekur athygli á því að fyrir liggur frumvarp frá fjármálaráðherra þar sem lagt er til að innheimta umsýslugjalds til Fasteignamats ríkisins verði framlengd enn um sinn til tveggja ára. Af þessum sökum er sá liður tekinn að nýju inn í tekjuáætlun fjárlagafrumvarps fyrir árið 2007 (0,3 milljarðar kr.). Efnahags- og viðskipta-nefnd lagði til haustið 2004 (nál. á þskj. 573 á 131. löggjafarþingi) að umsýslugjald yrði innheimt árin 2005 og 2006 en ekki árin 2005–2008 eins og gert var ráð fyrir í því frumvarpi sem þá var til umfjöllunar. Að lokum má nefna að vegna þess að ríkissjóður mun eignast allan hlut í Landsvirkjun tvöfaldast áætlaðar arðgreiðslur (0,2 milljarðar kr.). Meiri hluti nefndarinnar fellst á þessar breytingar.

Alþingi, 21. nóv. 2006.

Pétur H. Blöndal, form.,
Dagný Jónsdóttir,
Birgir Ármannsson,
Ásta Möller,
Hjálmar Árnason.

Fylgiskjal II.

Álit

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2007, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 1. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Fyrsti minni hluti vill minna á að sagan sýnir að fjárlög þessarar ríkisstjórnar eru iðulega langt frá því að standast. Meðal annars er um að kenna slakri fjármálastjórn og bágri áætlanagerð og hefur það margoft verið gagnrýnt af stjórnarandstöðuflokkunum og Ríkisendurskoðun. Það er ekkert sem bendir til að þessi fjárlög verði frábrugðin fyrri fjárlögum þessarar ríkisstjórnar.

Gjaldahlið fjárlaga er vanáætluð ár eftir ár og ekki er hægt að verjast þeirri hugsun að útgjaldaspáin byggist annaðhvort á óskhyggju og óraunsæi eða löngun til að fegra myndina við framlagningu fjárlagafrumvarpsins. Þegar fjárlög eru borin saman við ríkisreikning sl. fimm

ár, eða árin 2000–2004, kemur í ljós að útgjöld hafa samanlagt farið tæplega 120 milljarða kr. fram úr áætlun, eða sem nemur 24 milljörðum kr. að meðaltali árlega en það er að meðaltali 10% frávik frá fjárlögum.

Frá 1998 til 2005 hafa ríkisútgjöldin aukist um 100 milljarða kr. Á þessu árabili varð því ríkissjóður meira en 40% dýrari í rekstri. Landsmenn vita að þjónusta ríkisvaldsins hefur ekki aukist um rúm 40% á sama tíma.

Íslensk fyrirtæki og almenningur í landinu hefur þurft að þola mikinn óstöðugleika í efnahagskerfinu vegna óstjórnar ríkisstjórnarinnar. Og sem fyrr er það hinn venjulegi Íslendingur sem mun borga fyrir þessi efnahagsmistök. Ríkisstjórnin hefur ekki sinnt neinum af viðvörunarljósunum sem allir fagaðilar og stjórnarandstaðan hafa kveikt á fyrir löngu.

Verðbólgan hefur verið yfir verðbólguþröngmiði Seðlabankans í meira en tvö ár. Verðbólguþröngmiði er því nýr skattur sem ríkisstjórnin hefur innleitt og er hann orsök mestu kjarskerðingar almennings í áratug.

Krónan hefur verið í rússíbanuferð og sveiflast allt að 40% upp og niður. 75% af tekjum og gjöldum fyrirtækja í Kauphöllinni eru í erlendri mynt. En almenningur og smáfyrirtækin sitja eftir með vonlausu mynt. Viðskiptahallinn er í sögulegu hámarki og er langmestur hér á landi af öllum OECD-ríkjum.

Skuldir þjóðarbúsins hafa aldrei verið hærri. Ísland er ein skuldugasta þjóð veraldar. Hreinar erlendar skuldir verða áfram um 300% af útflutningstekjum. Skuldir heimilanna hafa aldrei hærri. Skuldir fyrirtækja aldrei hærri.

Almenningur býr við eitt hæsta matvælavæðing í heimi vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í tollum og vörugjöldum. Þessi sami almenningur þarf að búa við eina hæstu vexti í heimi en vextir eru ekkert annað en verð á peningum. Skattbyrði hefur verið aukin hjá öllum tekjuhópum nema þeim allra tekjuhæstu. Ríkisstjórnin heldur síðan áfram að keyra upp væntingar í hagkerfinu með hugsanlegum stóriðjuframkvæmdum.

Í þjóðhagsspá greiningardeildar Glitnis segir orðrétt: „Hagur heimilanna hefur versnað nokkuð það sem af er ári og er útlit fyrir að hann muni versna enn á næsta ári þegar dregur frekar út þenslu í hagkerfinu.“ Um framtíðarhorfur í efnahagsmálum segir orðrétt í umfjöllun greiningardeildar Glitnis að lendingin í hagkerfinu muni: „...fela í sér tímabundna rýrnun kaupmáttar, lækkun eignaverðs og aukningu vanskila og gjaldþrota svo eitthvað sé nefnt.“ Síðan segir greiningardeildin: „...nú blasir við tímabil mikillar verðbólgu, hárra vaxta og lækkun húsnæðisverðs. Skuldahlutföll sem eru í hærri kanti þess sem gerist á alþjóðavísu verða enn verri þegar skoðað er að íslensk heimili greiða mun hærri vexti af þessum lánnum sínum en nágarnar þeirra í öðrum löndum.“

Áfram segir í þjóðhagsspánni: „Ljóst er að á þessu ári ... [mun greiðslubyrði heimilanna af lánnum sem hlutfall af ráðstöfunartekjum] verða talsvert hærri og þrengja að þeim sem mest hafa skuldsett sig á undanföllum árum og/eða þeim sem munu sökum versnandi atvinnuástands tapa ráðstöfunartekjum sínum að stórum hluta.“

Enn fremur segir greiningardeildin að: „Atvinnuleysi mun aukast jafnt og þétt...“ og annars staðar í skýrslunni er gert ráð fyrir áframhaldandi hárra verðbólgu á næsta missiri og umtalsverðri sveiflu á gengi krónunnar.

KB-banki segir í sínu riti frá 3. október sl. að kaupmáttur muni dragast saman, vaxtakjör versna og eigið fé í húsnæði almennings rýrna. Landsbankinn hefur bent á í Hagspá sinni fyrir árin 2006–2015 að hætta sé á sagan frá 2001 og 2006 muni endurtaka sig eftir 2010 með þenslu og hærri verðbólgu. Bankinn gagnrýnir sömuleiðis að opinber fjármálastjórn taki ekki nægilegan þátt í hagstjórninni.

Hinn stöðugi óstöðugleiki heldur áfram og því er það hjákátlegt að fjármálaráðherra segi við kynningu á fjárlagafrumvarpinu að haldið verði áfram á braut stöðugleika í efnahagsmálunum.

Sé litið til tillögu um tekjubreytingar við 2. umræðu um fjárlagafrumvarpið 2007, þá gagnrýnir 1. minni hluti harðlega að fyrirhuguð lækkun á tollum á innfluttum kjötvörum úr 2. kafla tollskrár sé ekki í fjárlagafrumvarpinu þrátt fyrir að umrædd lækkun eigi að taka gildi 1. mars nk. Ekki er að finna tillögu þessa efnis um tekjubreytingar við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins og bendir það til þess að boðuð tollalækkun sé annaðhvort í uppnámi eða afskaplega illa undirbúin.

Fyrsti minni hluti bendir einnig á að rúmur helmingur vörugjalda af matvælum er skilinn eftir og því mun vörugjaldafrumskógurinn enn vera til staðar, bæði verslunum og neytendum til ama og kostnaðarauka.

Fyrsti minni hluti vekur einnig athygli á því að ríkisstjórnin mun hækka áfengisgjald um tæpa 4 milljarða kr. til að veða upp á móti boðaðri skattalækkun á matvælum. Slík hækkun var aldrei boðuð þegar ríkisstjórnin tók sig loksins saman í andlitinu í haust og fór af stað með einhverjar skattalækkunar á matvælum. 1. minni hluti fagnar þó auknu fjármagni í Forvarnasjóð.

Fyrsti minni hluti telur það einnig vera gagnrýnisvert að fá ekki upplýsingar um breytingar á gjaldahlið fjárlagafrumvarpsins vegna breyttrar verðbólguþáttar fjármálaráðuneytisins.

Eins og oft áður getur munað talsverðu á efnahagsspám fjármálaráðuneytisins og efnahagsspám greiningardeilda bankanna og Seðlabankans. Fjármálaráðuneytið spáir 3% verðbólgu en Seðlabankinn spáir talsvert meiri verðbólgu eða um 4,6% og KB-banki spáir 3,4% verðbólgu og Landsbankinn um 3,2%. Fjármálaráðuneytið spáir 0,8% samdrætti einkaneyslu en KB-banki spáir 4,5% samdrætti einkaneyslu og Landsbankinn um 4,3% samdrætti. Fjármálaráðuneytið spáir 1,5% hagvexti en KB-banki hefur spáð 0,2% samdrætti hagvaxtar.

Fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar opinberar því áfram mikla óstjórn og skipulagsleysi í hagstjórninni, áframhaldandi ójöfnuð, svikin loford og slaka efnahagsstjórn á tímum þegar þörf er aðhalds og ráðdeildar og annarrar forgangsroðunar í ríkisfjármálunum.

Guðjón A. Kristjánsson á sæti í nefndinni sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkuð álitum þessu.

Alþingi, 21. nóv. 2006.

Jóhanna Sigurðardóttir,
Ágúst Ólafur Ágústsson,
Lúðvík Bergvinsson.

Fylgiskjal III.**Álit**

um 1. gr. frv. til fjárlaga fyrir árið 2007, sbr. sundurliðun 1, og áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Enn er margt mjög óljóst um forsendur fjárlaga. Ástæða er til að taka sérstaklega fram hve áþæmisvert það er að ógerlegt er að fá upplýsingar um áform stjórnvalda varðandi frekari uppbyggingu stóriðju í landinu í náninni framtíð. Slík áform, þ.e. ákvarðanir um hvort af þeim verði eða ekki, hljóta að teljast forsenda þess að unnt sé að ræða fjárlagafrumvarpið og endanlega niðurstöðu fjárlaga af einhverju viti. Umfangsmiklar stóriðjuframkvæmdir eru nú í bígerð. Þegar er hafinn undirbúningur að stækkun álversins í Straumsvík um 250 þúsund tonn, þ.e. úr 180 þúsund tonnum í 460 þúsund tonn, og á teikniborðinu er álver í Helguvík upp á 250 þúsund tonn og nýtt álver við Bakka á Húsavík upp á 250 þúsund tonn. Enda þótt ekki yrði ráðist í framkvæmdir á næsta ári er ljóst að grænt ljós á þær mundi setja forsendur fjárlaga úr skorðum. Bæði er um að ræða þær væntingar sem yrðu vaktar og einnig myndi hefjast umfangsmikil undirbúningsvinna sem gæti haft efnahagslegar afleiðingar. Þess má reyndar geta að enda þótt engar endanlegar ákvarðanir hafi verið teknar um heimildir til stækkunar í Straumsvík hefur tveimur teiknistofum þegar verið falið að gera tillögur um nýja kerskála í samræmi við óskir Alcan um stækkun álversins. Það er óboðlegt að ríkisstjórnin svari í véfréttarstíl um þessi áform þegar til umræðu eru forsendur fjárlaga fyrir komandi ár. Við umfjöllun í efnahags- og viðskiptanefnd komu fulltrúar Seðlabanka, fjármálaráðuneytis og greiningardeilda banka og voru hugmyndir þeirra nokkuð á reiki varðandi framvinduna með tilliti til stóriðju og þar af leiðandi hverjar afleiðingar yrðu enda ekki að undra: Ríkisstjórnin neitar að leggja spilin á borðið.

Alþingi, 21. nóv. 2006.

Ögmundur Jónasson.

Fylgiskjal IV.**Álit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (01 Forsætisráðuneyti og 06 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Á fund nefndarinnar komu Óðinn Helgi Jónsson og Halldór Árnason frá forsætisráðuneyti og Ragna Árnadóttir og Jónas Ingi Pétursson frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti.

Heildargjöld forsætisráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 1.190 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 29 millj. kr., en þær nema 2,4% af heildartekjum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 725 millj. kr. og hækka um 5 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs að meðtöldum launa- og verðlagsbótum.

Heildargjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð tæplega 22 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur nálægt 1,3 millj. kr., en þær nema 5,9% af heildartekjum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð um 15,7 millj. kr. og hækka um tæplega 1,9 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs að meðtöldum launa- og verðlagsbótum.

1. minni hluti fagnar því að í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir rúmlega 500 millj. kr. hækkun til Landhelgisgæslunnar sem ætluð er til kaupa á varðskipi og eftirlitsflugvél. Þetta er í samræmi við stefnumörkun þess efnis að 3 milljörðum kr. af söluandvirði Landssímans skuli varið til slíkra kaupa eins og fram kom í álitu meiri hluta nefndarinnar til fjárlaganefndar um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2006. Framlag til viðhalds hækkar jafnframt um 30 millj. kr. í tengslum við eflingu þyrlusveita Landhelgisgæslunnar í kjölfar brotthvarfs þyrlusveitar varnarliðsins. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að sú 500 millj. kr. fjárhæð sem þar er tilgreind byggist á kostnaðaráætlun síðan snemmsumars sem sé nú til endurskoðunar og gert sé ráð fyrir að lokið verði fyrir 2. umræðu frumvarpsins. 1. minni hluti telur brýnt að endanlegar tölur liggi fyrir á þeim tímapunkti og að þessi áætlun standist.

Sem fyrr er ástæða til að leggja áherslu á fjárveitingar til fangelsismála. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að lokið verði við framkvæmdir við endurbætur og stækkun fangelsanna á Kvíabryggju og á Akureyri á næsta ári og að veittar verði til þess um 100 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir því í frumvarpi til fjárlagalaga fyrir árið 2006 að fjármunir verði veittir til að hefja frumathugun á framkvæmdum við fangelsið á Litla-Hrauni og við byggingu nýs fangelsis á Hólmsheiði. 1. minni hluti leggur áherslu á mikilvægi þess að þessi áform nái fram að ganga sem fyrst og hvetur til þess að þeim verði flýtt eftir fremsta megni.

Í tengslum við stofnun embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu er gert ráð fyrir fjárveitingu sem nemur nánast 2,9 millj. kr. Sú fjárveiting er að fullu millifærð frá öðrum fjárlagaliðum vegna millifærslu verkefna. 1. minni hluti fagnar þeirri hagræðingu sem fyrir séð er að hljótist af nýskipan lögreglumála og tilfærslu verkefna milli stofnana, en lögreglu-umdæmum fækkar um 11 og embætti sýslumanna sem ekki fara með lögreglustjórn verða 11 talsins. Með þessum breytingum skapast einnig svigrúm fyrir sýslumenn til að taka að sér

önnur verkefni sem vel fer á að þeir sinni, sbr. frumvarp um flutning verkefna frá dóms- og kirkjumálaráðuneyti til sýslumannsembættis sem nú er til meðferðar hjá nefndinni.

Þá bendir nefndin á að embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli færist undir dóms- og kirkjumálaráðuneyti í stað utanríkisráðuneytis áður, en það embætti hefur verið rekið með halla undanfarin ár. 1. minni hluti leggur áherslu á að búið verði að greiða úr fjárhagsvanda embættisins áður en það flyst yfir til dóms- og kirkjumálaráðuneytis þannig að ráðuneytið taki við embættinu án halla.

Bjarni Benediktsson og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 8. nóv. 2006.

Bjarni Benediktsson, form., með fyrirvara,
Birgir Ármannsson,
Dagný Jónsdóttir,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara.

Fylgiskjal V.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk til sín á fund Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti og Jónatan Garðarsson og Ástu Hrönn Maack frá tónlistarsjóði. Á fund fjármálanefndar sem menntamálanefnd sat einnig komu Gísli Þór Magnússon og Aðalsteinn Eiríksson frá menntamálaráðuneyti,

Heildargjöld menntamálaráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 45.581 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 3.893 millj. kr. en þær nema 8,0% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Nefndarmenn sátu fund fjárlaganefndar 3. nóvember þegar farið var yfir breytingar á reiknilíkani framhaldsskólanna. Með þeim breytingum sem ráðgert er að gera á reiknilíkaninu hafa nefndarmenn áhyggjur af verknámsskólum og þá einkum framhaldsskólum á landsbyggðinni. 1. minni hluti nefndarinnar beinir því sérstaklega til fjárlaganefndar að skoða vel reiknilíkanið, einkum með tilliti til stöðu verknámsskóla. Margar deildir í þeim skólum hafa fáa nemendur og með kröfu um fjölgun nemenda getur reynst erfitt fyrir þá að standa undir þeim fögum.

Nefndin telur að í meginatriðum eigi úthlutun til einstakra verkefna á sviði lista og menningar að vera í höndum sjóða sem komið hefur verið á í þeim tilgangi. Hjá stjórnnum og ráðum

sem annast úthlutun úr slíkum sjóðum fara umsóknirnar í gegnum faglegt mat sem menntamálanefnd Alþingis hefur ekki forsendur til að beita. Í þessu sambandi bendir nefndin á að úthlutun vegna tónlistarereinda eigi að fara fram í gegnum tónlistarsjóð. Samkvæmt lið 02-982-1.25 í frumvarpi til fjárlaga 2007 fær tónlistarsjóður 49 millj. kr. Nefndin hefur, að beiðni fjárlaganefndar, skoðað umsóknir um styrki til einstakra tónlistarverkefna, t.d. Berjadaga, sem er tónlistarhátíð á Tröllaskaga, 0,5 millj. kr., Harmonikkufélags Vestfjarða 0,3 millj. kr., Músíkur í Mývatnssveit 1 millj. kr., Sumartónleika í Skálholtskirkju 2 millj. kr. og Þjóðlagahátíðar á Siglufirði 0,5 millj. kr., og telur að eðlilegra væri að þessar umsóknir kæmu til skoðunar hjá tónlistarsjóði þar sem gilda ítarlegar reglur um úthlutunina, sbr. reglur nr. 125/2005, um úthlutun styrkveitinga úr tónlistarsjóði. Með því móti er líka komið í veg fyrir að sótt sé um á báðum stöðum eins og brögð hafa verið að. Slíkt er einkum óheppilegt fyrir tónlistarsjóð sem reynir að meta sínar úthlutanir án vitneskju um hverjir hljóta styrki frá Alþingi.

Óráðstafað er á safnliðum 02.-984-1.90 (norræn samvinna) 5,5 millj. kr. og á 02-989-1.90 (ýmis íþróttamál) 9 millj. kr. en vegna verklagsreglna sem gilda um úthlutanir er nefndinni óheimilt að færa fjármuni milli einstakra liða. Ef nefndinni væri það heimilt hefði hún vissulega haft áhuga á því að hækka styrki til einstakra verkefna, t.d. Handverks og hönnunar ses., og óskar nefndin eftir því að fjárlaganefnd taki það sjónarmið til skoðunar.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Sigurrós Þorgrímsdóttir, Dagný Jónsdóttir og Kjartan Ólafsson.

Alþingi, 13. nóv. 2006.

Sigurður Kári Kristjánsson, form.,
Sæunn Stefánsdóttir.

Fylgiskjal VI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (02 Menntamálaráðuneyti).

Frá 2. minni hluta menntamálanefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk til sín á fund Gísla Þór Magnússon og Auði Björgu Árnadóttur frá menntamálaráðuneyti, Jónatan Garðarsson og Ástu Hrönn Maack frá tónlistarsjóði. Sérstakur fundur var haldinn með fjárlaganefnd, menntamálanefnd og starfsmönnum menntamálaráðuneytis, Gísla Þór Magnússyni og Aðalsteini Eiríkssyni, um reiknilíkan ráðuneytisins vegna framhaldsskólanna.

Annar minni hluti gerir athugasemd við vinnutilhögun nefndarinnar þetta árið. Tími hennar fór að mestu í að vinna tillögur að úthlutun safnliða, og stendur 2. minni hluti að afgreiðslu safnliðanna eins og hún er skýrð í álit 1. minni hluta nefndarinnar. Eini fundurinn sem hald-

inn var um efni frumvarpsins, utan kynningarfundar með fulltrúum menntamálaráðuneytisins, var fundurinn með fjárlaganefnd um stöðu framhaldsskólanna sem áður er nefndur. Ekki var kallað á gesti varðandi neina aðra liði frumvarpsins.

Framhaldsskólarnir og reiknilíkanið.

Frumvarpið gerir ráð fyrir aðhaldskröfu upp á 300 millj. kr. á framhaldsskólana, sem skipt er á milli þeirra með breytingum á forsendum reiknilíkansins með því að hækka hópviðmið fagbóklegra áfanga, tölvunámsáfanga og raungreinaáfanga og með því að auka nýtingarkröfu bóklegra áfanga. Með þessu móti er verknámsskólunum gert afar erfitt fyrir og líklegt er að þeir verði að fella niður áfanga þar sem útilokað er að þeir nái að auka nemendafjölda í öllum þeim áföngum sem um ræðir. Skólar á landsbyggðinni verða sérstaklega illa úti í þessum aðgerðum.

Á fundinum með starfsmönnum ráðuneytisins kom fram að aldrei hafi raunveruleg þörf skólanna ráðið fjárveitingum til þeirra, heldur hafi grunnforsendur reiknilíkansins verið miðaðar við þá upphæð sem skólarnir fengu 1997, áður en líkaninu var komið á. Þannig hafi möguleikar líkansins aldrei verið notaðir til fullnustu þar sem raunveruleg þörf skólanna hefur aldrei verið viðmiðið í reiknilíkaninu heldur einungis sú upphæð sem sett var til skólanna samkvæmt fjárlögum 1997.

Það er mat 2. minni hluta að nú sé mál að linni. Á hverju ári, frá því að reiknilíkanið var tekið í gagn, hafa framhaldsskólarnir fært fram málefnaleg rök fyrir því að líkanið mæli ekki þörf þeirra og hafa þeir farið fram á sanngjarnar leiðréttingar á fjárframlögum. Nú er svo komið að nokkuð margir skólanna komast ekki lengra í hagræðingu. Búnaður margra verknámsskólanna er orðinn svo úreltur og úr sér genginn að ekki verður lengur við það unað. Aðstæður skólanna nú gefa ekki til kynna að stjórnvöld meini neitt með hástemmdum yfirlýsingum um hækkað menntunarstig þjóðarinnar, né með hátíðlegum ræðum um mikilvægi iðn- og starfsnáms. Það er krafa 2. minni hluta að framlagið til skólanna verði reiknað upp á nýtt, að miðað verði við raunhæfar nemendatölur 2007 og að tekið verði mið af launa- og verðlagsþróun við endanlegar ákvarðanir um fjárframlög.

Háskólinn á Akureyri.

Háskólinn á Akureyri hefur síðustu árin verið rekinn með umtalsverðum halla. Alþingi hefur reynt að mæta þeim halla með auknum fjárframlögum sl. tvö ár. Það er mat 2. minni hluta að hagræðing sú og endurskipulagning sem skólinn hefur ráðist í af þessum sökum sé komin svo langt að vart verði lengra gengið. Deildir hafa verið sameinaðar, þeim fækkað úr sex í fjórar, og starfsfólki hefur verið sagt upp störfum. Til að losa skólann úr fjárhagslegri spennitreyju þarf að ráðast í varanlegar aðgerðir og tryggja hækkaðan rekstrargrunn skólans um 60 millj.kr., auk þess sem bæta þarf skólanum að fullu hækkuð útgjöld vegna launa- og verðlagshækkana. Þá telur 2. minni hluti nauðsynlegt að uppfylla rannsóknarsamning menntamálaráðuneytisins við skólann, en til að svo megi verða þarf aukin fjárframlög um 100–150 millj. kr. Það er að mati 2. minni hluta óviðunandi að hækkun sú sem frumvarpið gerir ráð fyrir til rannsóknarþáttarins skuli öll eiga að fara í að greiða hækkaða húsaleigu í rannsóknarhúsinu Borgum. Loks telur 2. minni hluti eðlilegt að gerð verði áætlun um það hvernig klára megi fyrirhuguð byggingaráform Háskólans á Akureyri.

Háskóli Íslands.

Háskóli Íslands hefur mótað sér stefnu til framtíðar, sem felur það í sér að hann komist í hóp bestu háskóla í heimi á næstu 10–15 árum. Stefna þessi hefur bæði verið samþykkt á há-

skólafundi og í háskólaráði og það er mat 2. minni hluta að löggjafinn ætti að taka undir þessa stefnu með því að gera vel við skólann á næstu árum. Í frumvarpi til fjárlaga örlar ekki á slíkri viðurkenningu. Háskóli Íslands berst við rekstrarhalla og nema skuldir skólans nú um 1 milljarði kr. Eigið fé skólans var neikvætt í árslok 2005 um 103,5 millj. kr. og greiðslustaða gagnvart ríkissjóði neikvæð um 884 millj. kr. Mat 2. minni hluta er að hér verði að grípa inn í með myndarlegum hætti. Rannsókn á íslenska hagkerfinu 1970–1992 sýnir að tæp 50% framleiðniaukningar tímabilsins megi rekja til fjárfestingar hins opinbera í háskólamenntun. Fyrir tilstilli ríkisstjórnarinnar hefur verið fjárfest rausnarlega í háskólamenntun á síðustu árum, en í þeirri sókn hefur Háskóli Íslands verið hornreka, hann stríðir við fjárhagskreppu og er langt frá því að vera samkeppnisfær við sambærilega skóla annars staðar í Evrópu. Það er ámælisvert í hæsta máta að skólanum sé haldið í þessari kreppu og gerir 2. minni hluti alvarlegar athugasemdir við niðurstöðu fjárlagafrumvarpsins varðandi liði Háskóla Íslands og stofnana hans. Að lágmarki verður að tryggja að greitt verði með öllum nemendum er stunda nám í skólanum og að staðið verði við rannsóknarsamning þann sem ráðherra hefur gert við skólann. Þá telur 2. minni hluti sjálfsagt að skólanum verði gert kleift að fjölga doktorsnemum markvisst í 60 á næstu fimm árum. Aðgerðir af þessu tagi gætu gert skólanum kleift að uppfylla framtíðaráform sín.

Framsetning frumvarpsins.

Enn gagnrýnir 2. minni hluti framsetningu frumvarpsins þar sem fjárveitingar til kennslu og rannsókna í háskólum eru ekki aðgreindar á viðfangsefnaliði hjá hverjum skóla fyrir sig. Þetta gerir nefndarmönnum og öðrum þeim sem þurfa að glöggva sig á einstökum þáttum frumvarpsins erfðara fyrir en þyrfti að vera. Þá gerir framsetning frádráttarliða háskólanna, t.d. hluti af tekjum skólanna vegna skrásetningargjalda og reiknuð fjárbinding í húsnæði ríkisins, það að verkum að ekki er hægt að bera saman útgjöld ríkisins vegna skólanna. Það hlýtur að vera sanngjörn krafa að framkvæmdarvaldið geri löggjafanum svo auðvelt sem verða má að greina það sem að baki frumvarpinu liggur.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Góð samstaða náðist um hina nýju Árnastofnun á síðasta þingi. Menntamálaráðherra hét því sérstaklega í 1. umræðu frumvarps um hana að beita sér fyrir því að fé yrði veitt til að koma á fót tveimur rannsóknarstöðum skv. 7. gr. frumvarps og síðar laga. Þetta fyrirheit er ekki að finna í fjárlagafrumvarpinu. Ekki er heldur komið til móts við ábendingar og tilmæli frá í vor í samhljóða nefndaráliti menntamálanefndar um frumvarpið. Þar var bent á að nokkur kostnaður hlýst af sameiningu stofnana og undirbúningi hennar og einnig talið æskilegt að gera ráð fyrir störfum við rekstur og skrifstofuhald, t.d. ráðningu skrifstofu- eða fjármála- stjóra með viðeigandi starfsliði. Ekki væri hagkvæmt að láta vísindamenn stofnunarinnar annast þann starfa. Ekkert mark hefur verið tekið á þessum ábendingum nefndarinnar við gerð fjárlagafrumvarpsins. Þá mæltist menntamálnefnd eindregið til þess að Íslensk málnefnd fengi fjárveitingu samkvæmt sérstökum fjárlagalið og gæti að svo búnu gengið til samninga við stofnunina um verkefni, aðstöðu og starfslið. Þetta hefur heldur ekki orðið. 2. minni hluti gagnrýnir harðlega þessi vinnubrögð. Þau torvela upphaf starfa í þessari nýju stofnun og gera marklaus fyrirheit ráðherra frammi fyrir þingi og þjóð.

Ósanngjörn aðhaldskrafa.

Í frumvarpinu er gerð krafa um aðhald hjá ýmsum söfnum og sjóðum sem ætlaðir eru til að styrkja listir og menningu. Má þar nefna tónlistarsjóð, bókmenntasjóði og starfsemi at-

vinnuleikhópa, sem og starfsemi áhugaleikfélaga. Skýtur þetta skökku við þegar þess er gætt að mikil gróska hefur einkennt listalíf þjóðarinnar síðustu árin. Sjálfstæðu leikhóparnir fengu til að mynda 220 þúsund áhorfendur á sýningar sínar leikárið 2004–2005, þar af voru 20 þúsund áhorfendur á landsbyggðinni. Þar að auki sáu 35 þúsund áhorfendur sýningar hópanna á erlendri grund. Að baki þessum sýningum standa u.þ.b. 500 atvinnulistamenn úr ýmsum listgreinum. Nú gerir fjárlagafrumvarpið ráð fyrir aðhaldskröfu á hópana sem nemur 900 þús. kr. og aðhaldskröfu á tónlistarsjóð um 1 millj. kr. 2. minni hluti telur þessar ráðstafanir vera til þess fallnar að veikja mikilvæga menningarstarfsemi, starfsemi sem er þýðingarmikil fyrir framþróun einstakra greina auk þess sem hún stuðlar að fjölbreyttum atvinnutækifærum víða um land.

Náttúruminjasafn Íslands.

Annar minni hluti gerir athugasemd við það að ætlunin skuli vera að fjármagna nýtt höfuðsafn Náttúruminjasafn Íslands af óskiptum liðum ráðuneytisins (sjá umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins í fylgiskjali með frumvarpi til laga um Náttúruminjasafn Íslands á þskj. 294 í 281. máli á yfirstandandi þingi). Nýtt náttúruminjasafn verðskuldar sjálfstæðan fjárlagalið nú þegar hillir undir að því verði formlega komið á laggirnar árið 2007. Rétt er þó að geta þess að fjárlagaskrifstofa fjármálaráðuneytisins kennir um skorti á upplýsingum frá menntamálaráðuneytinu, sem er ámælisvert, ekki síst í ljósi gagnrýni sem kom fram í málflutningi stjórnarandstöðu í tengslum við umfjöllun um málið á 132. löggjafarþingi.

Einar Már Sigurðarson skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 13. nóv. 2006.

Kolbrún Halldórsdóttir,
Einar Már Sigurðarson, með fyrirvara,
Björgvin G. Sigurðsson,
Mörður Árnason.

Fylgiskjal VII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (03 Utanríkisráðuneyti).

Frá utanríkismálanefnd.

Utanríkismálanefnd hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á hennar málefnasviði, sbr. 2. mgr. 25. gr. þingskapa og bréf fjárlaganefndar frá 5. október sl.

Nefndin fékk á sinn fund Pétur Ásgeirsson og Hrein Pálsson frá utanríkisráðuneyti. Þá óskaði nefndin eftir viðbótarupplýsingum frá ráðuneytinu.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárlagarammi utanríkisráðuneytisins stækki um 1.893 millj. kr. eða 25% miðað við fjárlög fyrir árið 2006.

Aukna fjárþörf ráðuneytisins má að stærstum hluta rekja til verulegrar hækkunar á framlögum til þróunarmála. Þau hafa verið markvisst hækkuð undanfarin ár í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar um að framlög Íslendinga til þróunarmála verði 0,35% af vergri landsframleiðslu árið 2008. Þannig hafa framlög verið hækkuð til Þróunarsamvinnustofnunar Íslands úr 294 millj. kr. árið 2000 í 1.213 millj. kr. árið 2007, framlög til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi úr 164 millj. kr. árið 2000 í 994 millj. kr. árið 2007, framlög til þróunarsjóðs EFTA hafa hækkað úr 98 millj. kr. árið 2000 í 304 millj. kr. árið 2007 og framlög til íslensku friðargæslunnar hafa hækkað úr 136 millj. kr. árið 2002 í 603 millj. kr. árið 2007. Nefndin er sammála að rétt sé að hækka framlög til þessa málaflokks. Kostnaður við öryggiseftirlit á Keflavíkurflugvelli hefur aukist stöðugt undanfarin ár vegna hertra öryggiskrafna í flugstöðinni og reglna um flugvernd, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar Íslands. Þá er gert ráð fyrir að kostnaðarauki vegna brotthvarfs varnarliðsins frá Keflavíkurflugvelli nemi um 1.400 millj. kr. á árinu 2007 vegna flugtengdrar starfsemi bandaríska hersins, en til hennar teljast m.a. rekstur slökkviliðs, snjórúðningsdeildar og rafeindadeildar auk viðhaldskostnaðar.

Embætti sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli færir undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið á næsta ári, en sem kunnugt er hefur embættið verið rekið með halla undanfarin ár. Samkvæmt upplýsingum sem nefndin hefur aflað er unnið að því að leysa fjárhagsvanda embættisins en markmiðið er að það verði hallalaust um áramót. Nefndin leggur áherslu á að búið sé að leysa fjárhagsmálin þegar embættið flyst milli ráðuneyta.

Utanríkismálanefnd barst í sumar erindi frá utanríkismálanefnd norska Stórþingsins þar sem þess var farið á leit við þjóðþing Norðurlanda að þau styrktu endurreisn þinghússins í Bosníu-Herzegóvínu. Áætlaður kostnaður við framkvæmdina er talinn um 740.000 evrur eða um 65 millj. kr. Norðmenn hafa boðist til að greiða helminginn af kostnaðinum og hafa óskað eftir stuðningi annarra ríkja á Norðurlöndum við fjármögnun 30% af heildarkostnaðinum. Utanríkismálanefnd fer þess á leit við fjárlaganefnd að orðið verði við beiðni norska þingsins en unnið er að samkomulagi um skiptingu kostnaðar. Verkefnið er mjög brýnt enda tengist það endurreisn ríkisins og lýðræðisþróun.

Jón Gunnarsson ritir undir álitid með fyrirvara.

Alþingi, 8. nóv. 2006

Halldór Blöndal, form.,
 Jón Kristjánsson,
 Drífa Hjartardóttir,
 Guðlaugur Þór Þórðarson,
 Jón Gunnarsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal VIII.**Álit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (04 Landbúnaðarráðuneyti).

Frá landbúnaðarnefnd.

Landbúnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október sl.

Heildargjöld landbúnaðarráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 14.667 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 805 millj. kr. en þær nema 5,5% af heildargjöldum ráðuneytisins. Gjöld umfram tekjur eru 13.862 millj. kr. og af þeirri fjárhæð eru 12.187 millj. kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 1.754 millj. kr. innheimtar af ríkis-tekjum. Mismunurinn, 79 millj. kr., færist til lækkunar á viðskiptahreyfingum ríkissjóðs.

Nefndin fékk á sinn fund Ingimar Jóhannsson frá landbúnaðarráðuneyti og skýrði hann þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess. Enn fremur komu á fund nefndarinnar Sigurður Guðjónsson, forstjóri Veiðimálastofnunar, og Sigurður Már Einarsson, deildarstjóri Vesturlandsdeildar Veiðimálastofnunar, og fóru þeir yfir fjármál stofnunarinnar. Auknar skyldur, og aukin verkefni, eru lagðar á stofnunina, m.a. vegna nýrra lax- og silungsveiðilaga, laga um fiskeldi, laga um fiskrækt, laga um varnir gegn fisksjúkdómum og laga um Veiðimálastofnun, en ekki var gert ráð fyrir auknu fjárframlagi. Því til viðbótar má nefna tilskipun Evrópusambandsins um verndun vistgæða vatns en undirbúningsvinna vegna hennar er hafin og þyrfti að vera meiri, einkum með hliðsjón af sérstöðu íslenskra aðstæðna. Verkefni stofnunarinnar fyrir Landsvirkjun hafa minnkað og tekjutap orðið í kjölfarið. Enn fremur hafa framlög úr Fiskræktarsjóði til stofnunarinnar dregist saman en starfsemi sjóðsins og lagaumhverfi hefur breyst. Veiðimálastofnun hefur nú sömu aðstöðu og aðrir til að sækja um fjármagn til ákveðinna verkefna í sjóðinn.

Samkvæmt upplýsingum sem nefndinni bárust var uppsafnaður halli Veiðimálastofnunar tæpar 40 millj. kr. um síðustu áramót. Þar af var halli síðasta árs um 19 millj. kr. þrátt fyrir sölu fasteignar og annarra ráðstafana. Enn fremur fengust þær upplýsingar frá ráðuneytinu að gera megi ráð fyrir að rekstrarhalli á þessu ári verði um 20 millj. kr. Í árslok gæti hallinn orðið hátt í 60 millj. kr. Fjárhagsvandi stofnunarinnar er tvíþættur. Annars vegar er uppsafnaður halli og hins vegar þyrfti rekstargrunnur stofnunarinnar að verða leiðréttur í fjárlögum.

Nefndin telur mikilvægt að stofnunin fái aukin framlög í fjárlögum til þess að geta haldið starfsemi sinni áfram, einkum með tilliti til þess að stofnunin gegnir mikilvægri starfsemi, þar á meðal lögbundinni starfsemi.

Drífa Hjartardóttir skrifar undir álitid með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd. Enn fremur skrifa Anna Kristín Gunnarsdóttir og Þuríður Backman undir álitid með fyrirvara.

Við afgreiðslu málsins voru fjarverandi Gunnar Örlygsson og Jóhann Ársælsson.

Alþingi, 9. nóv. 2006.

Drífa Hjartardóttir, form., með fyrirvara,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara,
Dagný Jónsdóttir,
Valdimar L. Friðriksson,
Guðmundur Hallvarðsson,
Hjálmar Árnason,
Þuríður Backman, með fyrirvara.

Fylgiskjal IX.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (05 Sjávarútvegsráðuneyti).

Frá sjávarútvegsnefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október sl.

Á fund nefndarinnar kom Arndís Steinþórsdóttir frá sjávarútvegsráðuneyti, Jóhann Sigurjónsson frá Hafrannsóknastofnuninni, Þórður Ásgeirsson og Gylfi Ástbjartsson frá Fiskistofu, og Sjöfn Sigurgísladóttir frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins en starfsemi þeirrar stofnunar verður lögð niður í lok þessa árs og flyst þá yfir til Matís ehf., sbr. lög nr. 68/2006.

Heildargjöld sjávarútvegsráðuneytis árið 2007 eru áætluð um 3.707 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 688 millj. kr. en þær nema 18,6% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 2.514 millj. kr. og hækka um 193 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs.

Í frumvarpinu er greint á milli fjárveitinga annars vegar til ráðuneytis og hins vegar til rannsókna og eftirlits. Heildarfjárveiting til ráðuneytis lækkar frá gildandi fjárlögum um 3,8 millj. kr. samkvæmt frumvarpinu og verður 384,7 millj. kr. Skiptist fjárhæðin þannig að 219,4 millj. kr. fara til reksturs aðalskrifstofu, 162,3 millj. kr. til ýmissa verkefna og 3 millj. kr. eru ráðstöfunarfé. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að heildarfjárveiting til rannsókna og eftirlits hækki frá gildandi fjárlögum um 70,1 millj. kr. og verði 2.634,1 millj. kr. Stærstu framlögin sem ráðstafað verður af þeirri fjárhæð munu fara til Hafrannsóknastofnunarinnar 1.213,4 millj. kr., til Fiskistofu 805,4 millj. kr., til Matvælarannsóknna 244,6 millj. kr. og til Rannsóknarsjóðs til að auka verðmæti sjávarfangs 235,0 millj. kr.

Helstu breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir frá fjárlögum þessa árs eru 50 millj. kr. hækkun á framlagi til Hafrannsóknastofnunarinnar í samræmi við ákvæði í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 43/2006, um ráðstöfun fjár úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins. Kveðið er á um 19 millj. kr. hækkun á framlagi til Fiskistofu. Þar af eiga að fara 10. millj.

kr. til rannsóknna og eftirlits með eitrun í þörungi og skelfiski og 9 millj. kr. til verkefnaflutninga og uppbyggingar á starfsstöðvum á landsbyggðinni. Til stendur að hækka framlag til AVS-sjóðsins um 35 millj. kr. Þar af eiga að fara 25. millj. kr. til kynbóta á eldisþorski og 10 millj. kr. eru tímabundið framlag til markaðsöflunar fyrir eldisbleikju.

Af öðrum breytingum má nefna hækkun á framlagi vegna aukins rekstrarkostnaðar aðal-skrifstofu ráðuneytisins og hækkun á árgjaldi Íslands til Alþjóðahvalveiðiráðsins. Þá lækka framlög til að mynda til viðhalds- og stofnkostnaðar, vegna niðurfellingar tímabundinna framlaga og vegna aðhaldskröfu. Loks er gert ráð fyrir að fjárveitingum verði hætt til Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins en í stað þess verði 244,6 millj. kr. veitt til kaupa á rannsóknnum undir nýjum lið sem ber heitið Matvælarannsóknir.

Á fundi nefndarinnar kom fram að í frumvarpi til fjáráukalaga fyrir þetta ár er gert ráð fyrir að fjárheimildir Hafrannsóknastofnunarinnar verði auknar samtals um 174,2. millj. kr. Þá mun stofnunin að líkum verja 50 millj. kr. hækkun á framlagi í fjárlögum þessa árs til að halda úti rannsóknarskipum. Fiskistofa hyggst halda áfram að flytja starfsemi sína út á landsbyggðina með stofnun útibús á Höfn í Hornafirði ásamt því að efla starfsemi stofnunarinnar í Vestmannaeyjum. Loks voru ræddar breytingar á starfsmannahaldi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins en starfsmönnum þar hefur öllum verið boðin vinna hjá Matís ehf. sem, eins og áður segir, mun taka við verkefnum stofnunarinnar frá og með 1. janúar nk. Á fundinum komu fram sjónarmið um sífellt meira vægi öflugs matvælaeftirlits sem öðrum þræði má rekja til skuldbindinga Íslands á grundvelli alþjóðasamninga.

Sjávarútvegsnefnd leggur áherslu á að tryggt verði fjármagn vegna flutnings starfa Fiskistofu út á land, enda er það í samræmi við fyrirheit stjórnvalda.

Nefndinni bárust fimm umsóknir um fjárveitingu vegna safnliðarins 05-190-1.90 (Ýmislegt). Samkvæmt frumvarpinu hækkar liðurinn um 1,3 millj. kr. frá fjárlögum 2006.

Jón Bjarnason, Jóhann Ársælsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Drífa Hjartardóttir skrifar undir álit þetta með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Alþingi, 14. nóv. 2006.

Guðjón Hjörleifsson, form.,
Kristinn H. Gunnarsson,
Jón Gunnarsson,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara,
Guðlaugur Þór Þórðarson,
Guðjón Ólafur Jónsson.

Fylgiskjal X.**Álit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (07 Félagsmálaráðuneyti).

Frá félagsmálanefnd.

Nefndin hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefna sviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingskóp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Á fund nefndarinnar komu Sesselja Árnadóttir, Sturlaugur Tómasson og Elín Pálsdóttir frá félagsmálaráðuneyti.

Heildargjöld félagsmálaráðuneytisins árið 2007 eru áætluð um 34.782 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértekjur að fjárhæð 1.173 millj. kr. en þær nema 3,4% af heildargjöldum ráðuneytisins. Rekstrargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 8.449 millj. kr. og hækka um 1.226 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um auknar fjárheimildir til málefna fatlaðra til að reka ný búsetuúrræði fyrir geðfatlaða og einnig sambýli fyrir mikið fatlaða einstaklinga. Nefndin fagnar þeirri hækkun en telur þó æskilegt að framlög til annarra hópa fatlaðra verði einnig aukin. Í því sambandi er rétt að geta þess að ráðuneytið hefur í samvinnu við hagsmunaaðila unnið ítarlega heildarstefnumótun um málefni fatlaðra. Samkvæmt fyrirbyggjandi frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2007 endurspeglast markmið stefnumótunarinnar ekki í fjárveitingum til ráðuneytisins. Þannig er hvorki gert ráð fyrir fjárveitingum í stoðúrræði, svo sem skammtímavistanir, sem einkum nýtast fötluðum börnum og fjölskyldum þeirra, né til að mæta áætlaðri búsetuþörf fullorðinna fatlaðra vegna uppbyggingar og bættar þjónustu annars vegar og eðlilegrar nýliðunar hins vegar. Lögð er rík áhersla á að fé fái til þessa mikilvæga verkefni sem varðar fatlaða og fjölskyldur þeirra um land allt. Um er að ræða afar sýnilega uppbyggingu sem ætti að geta nýst þegar á fyrri hluta árs 2007 ef fjármagn verður tryggt.

Þá vekur nefndin athygli á því að hvorki er gert ráð fyrir auknu framlagi til Vinnumálastofnunar né til málefna innflytjenda. Nefndin bendir á að á síðasta þingi voru samþykkt þrenn lög sem gera ráð fyrir auknum umsvifum í þessum málaflokkum; í fyrsta lagi er um að ræða lög nr. 21/2006 sem breyttu lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins, og lögum nr. 97/2002, um atvinnuréttindi útlendinga, í öðru lagi lög nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, og í þriðja lagi lög nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir. Í nefndarálitum félagsmálanefndar var lögð áhersla á að aukið fjármagn yrði tryggt.

Nefndin hvetur ráðuneytið og stofnanir þess til að nýta heimild sína til að gera þjónustusamninga svo að auka megi hagkvæmni í rekstri. Þá undirstrikar nefndin mikilvægi gæðaeftirlits með starfsemi þeirra er veita þjónustuna.

Nefndinni bárust 40 umsóknir um fjárveitingu vegna safnliðarins 07-999-1.90 (Ýmis framlög). Samkvæmt frumvarpinu hækkar liðurinn um 2,4 millj. kr. frá fjárlögum 2006 og leggur nefndin til að þeirri viðbót verði ráðstafað annars vegar til hækkunar á framlögum til ADHD-samtakanna, Félags ábyrgra fedra, Kvinnaráðgjafarinnar, mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur og Vímulausrar æsku, og hins vegar að Alþjóðahús fái 1,4 millj. kr. framlag og Samfés 200 þús. kr. framlag en umrædd félagasamtök hafa ekki fengið úthlutun áður.

Einar Oddur Kristjánsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Lúðvík Bergvinsson og Magnús Þór Hafsteinsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Álfheiður Ingadóttir sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er samþykkt álit þessu með fyrirvara. Birkir J. Jónsson og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álit þetta með fyrirvara þar sem þau eiga sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 9. nóv. 2006.

Dagný Jónsdóttir, form,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara,
Birkir J. Jónsson, með fyrirvara,
Adolf H. Berndsen,
Valdimar L. Friðriksson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XI.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (08 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti).

Frá 1. minni hluta heilbrigðis- og trygginganefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október sl.

Á fund nefndarinnar komu Svanhvít Jakobsdóttir og Hrönn Ottósdóttir frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti, Magnús Pétursson, Anna Lilja Gunnarsdóttir og Birna Kr. Svavarsdóttir frá Landspítala – háskólasjúkrahúsi, Karl Steinar Guðnason, Sigríður Lillý Baldursdóttir, Ragnar M. Gunnarsson og Ásta Rósa Magnúsdóttir frá Tryggingastofnun ríkisins, Guðmundur Einarsson og Jónas Guðmundsson frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Gísli Páll Pálsson og Kristján Sigurðsson frá Samtökum fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu.

Í frumvarpinu kemur fram að heildarútgjöld ráðuneytisins verði 147.296 millj. kr. og að gjöld umfram sértekjur verði 143.442 millj. kr. Framlög til heilbrigðis- og tryggingamála hækka um 17.260,3 millj. kr. milli árana 2006 og 2007, að teknu tilliti til hagræðingarkröfu að fjárhæð 500 millj. kr. sem áformað er að ná fram í lækun lyfjaútgjalda sjúkratrygginga. Niðurfelldar tímabundnar fjárveitingar á næsta ári nema 55 millj. kr. Launa- og verðlagsbætur nema 8.623,9 millj. kr. og hagræn eða kerfislæg hækkun 1.698 millj. kr. vegna fjölgunar bótaþega. Raunaukning milli ára nemur því 6.938,7 m.kr. eða 5,4%. Þyngst í þeirri aukningu vega hækkanir á lífeyrisgreiðslum eða 5.534 m.kr. og 500 m.kr. til að bæta rekstrarstöðu hjúkrunarheimila, sbr. samkomulag við aldraða.

Framlög til tryggingamála hækka samtals um 6.858,4 millj. kr. milli árana 2006 og 2007 að teknu tilliti til hagræðingarkröfu, en án launabóta.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Gert er ráð fyrir að rekstrargjöld Landspítala – háskólasjúkrahús, að frádregnum sértekjum, nemi um 30.190 millj. kr. sem jafngildir um 127,7 millj. kr. hækkun að raungildi frá fjárlögum þessa árs. Skýrist hækkunin m.a. af stofnframlagi til stækkunar barna- og unglinga-geðdeildar, eflingu mönnunar við hjúkrunarstörf, endurnýjun samnings um tækniþjónuþjónu, eflingu geðheilbrigðisþjónustu við aldraða og leigu á nýju húsnæði fyrir Blóðbankann.

Á fundi með nefndinni gerðu stjórnendur sjúkrahússins grein fyrir því að verulegur árangur hefði náðst í rekstri LSH á síðustu árum. Kom fram að rekstrarkostnaður á föstu verðlagi hefði staðið í stað frá sameiningu sjúkrahúsanna í Reykjavík árið 2000 en starfsemi spítalans hefði aukist síðustu ár í takt við fjölgun íbúa landsins og þá sér í lagi fjölgun aldraðra. Hefur íbúum fjölgað um 6,7%, íbúum eldri en 70 ára um rúm 11% og íbúum eldri en 80 ára um 25%. Hagræðing vegna sameiningarinnar gaf möguleika á að auka starfsemi spítalans án þess að rekstrarkostnaður ykist að sama skapi. Sameiningunni er nú í meginatriðum lokið og þess ekki að vænta að unnt verði að nýta frekar samlegðaráhrif til hagræðingar í rekstri fyrr en öll starfsemi spítalans verður sameinuð í nýjum byggingum við Hringbraut. Verður því sífellt erfðara að verða við aukinni eftirspurn eftir þjónustu spítalans án þess að rekstrarkostnaður aukist að sama skapi.

Þá gerðu stjórnendur grein fyrir því að rekstrarumhverfi spítalans hefði verið mjög erfitt og samkvæmt fyrirbyggjandi bráðabirgðauppgjöri fyrstu átta mánuði ársins væri kostnaður 707 millj. kr. umfram rekstraráætlun eða 3,5% af tekjum og stefndi í um 1.000 millj. kr. á árinu. Helstu skýringar stjórnenda á að kostnaður ársins væri umfram fjárheimildir voru í fyrsta lagi óhagstæð gengisþróun. Í öðru lagi var vísað til þenslu á vinnumarkaði, en mjög erfitt hefur reynst að ráða í lausar stöður og til sumarafleysinga og mikill þrýstingur verið á hækkun launa í takt við hækkun annars staðar í þjóðfélaginu. Í þriðja lagi hefur starfsemi spítalans aukist og bið eftir meðferð styst á flestum sviðum. Kom fram að þrátt fyrir að innlögnum hefði fækkað hefði legudögum fjölgað um 3.000 það sem af er ári með lengingu á meðallegutíma. Jafnframt hefði komum á dag- og göngudeildir og slysa- og bráðamóttökur fjölgað. Í fjórða lagi hefði spítalinn greitt umtalsverðar fjárhæðir í dráttarvexti á árinu og stefndi sú fjárhæð í 80 millj. kr. Í fimmta lagi væri ógerlegt fyrir spítalann að hamla gegn hinni miklu og sífellið aukningu kostnaðar vegna S-merktra lyfja og sérhæfðra lækninga- og hjúkrunarvara. Þannig er ljóst að utanaðkomandi áhrif valda því að mestu leyti þeim umframkostnaði sem hefur myndast. 1. minni hluti nefndarinnar leggur enn áherslu á að styrkja þurfi rekstur spítalans til að honum sé gert kleift að standa undir þeirri ábyrgð að vera aðalbráðasjúkrahús landsins og viðhalda og þróa þá þjónustu sem þar er veitt. Jafnframt verður að gera þá kröfu til stjórnenda spítalans að þeir leiti áfram leiða til að auka skilvirkni og hagræðingu í rekstri spítalans, en ljóst er að þeir hafa lagt sig fram í þeim efnum og náð verulegum árangri á síðustu árum.

Á fundum nefndarinnar kom fram að sá vandi sem snýr að rekstri sjúkrahússins vegna vistunarmála aldraðra og yngri fatlaðra einstaklinga væri nokkru minni en áður. Dvelja nú um 60 sjúklingar á sjúkrahúsinu sem lokið hafa sérhæfðri bráða- og endurhæfingarmeðferð en þar voru á síðasta ári ríflega 100. Kom fram að spítalinn hefði gert samkomulag við nokkur hjúkrunar- og dvalarheimili. Fagnar 1. minni hluti því en leggur enn áherslu á nauðsyn þess að þessir hópar fái viðeigandi umönnun og hjúkrun og að spítalinn hafi þannig forgang inn á hjúkrunarheimili. 1. minni hluti lýsir yfir ánægju sinni með að í fjárlagafrumvarpi séu 500 millj. kr. ætlaðar til að bæta rekstrarstöðu hjúkrunarheimila og um 200 millj. kr. til eflingar heimahjúkrun. Hefur 1. minni hluti talið að lausn á þessum tiltekna vanda spítalans gæti einmitt falist í því að styrkja heimþjónustu, fjölga hvíldarinnlögnum

og dagvistarúræðum og fjölga vistrýmum á höfuðborgarsvæðinu, bæði fyrir aldraða og yngri hjúkrunarsjúklinga sem þurfa vistun sem hæfir þeim sérstaklega. Telur 1. minni hluti þetta mikilvægan þátt í að stjórna flæði innan spítalans til útskrifta.

Einnig kom fram hjá stjórnendum spítalans að fyrirhugað væri frekara samstarf við heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og samvinna um að fara yfir flæði sjúklinga inn á spítalann og hvernig unnt væri að beina fólki á rétta staði, þ.e. innan heilsugæslunnar og spítalans. Ætlunin er að kynna símanúmerið 1700 sem sjúklingar geti hringt í og fengið nauðsynlegar upplýsingar. Fagnar 1. minni hluti þessu.

Þá leggur 1. minni hluti enn áherslu á að huga þurfi að því að taka tillit til þess í fjárlögum til spítalans að þar njóta fast að 1.000 nemendur menntunar árlega. Kanna þarf hvort endurskilgreina þurfi sameiginleg störf. Þá þarf að greina betur sérstakan kostnað spítalans vegna mennta- og rannsóknastarfs.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri o.fl.

Á fundi með stjórnendum Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri kom fram að það stefndi í 100 millj. kr. rekstrarhalla á þessu ári sem skýrðist af því að starfsemi og þjónusta sjúkrahússins hefði aukist á flestum sviðum á árinu. Kom fram að sú aukning skýrðist fyrst og fremst af aukinni starfsemi og tilflutningi á verkefnum. Hefðu skurðaðgerðir t.d. lagst af á nágrannasjúkrahúsum og í kjölfar aukinnar samvinnu sjúkrahúsa á svæðinu leituðu sjúklingar í auknum mæli til FSA í stað höfuðborgarsvæðisins. Þá kom fram að reksturinn hefði þyngst m.a. vegna þróunar verðlags og launa, auk erfiðleika við mönnun, sem leitt hefðu til hærri kostnaðar en áætlanir hefðu gert ráð fyrir. Kom fram að miðað við svipaða starfsemi á árinu 2007 gæti rekstrarhalli orðið um 200 millj. kr. 1. minni hluti telur að til þess að sjúkrahúsið geti staðið undir nafni og þjónað sínu mikilvæga hlutverki fyrir sjúklinga á svæðinu sé nauðsynlegt að gera ráð fyrir meiri fjármunum til rekstrarins. Þá telur 1. minni hluti mikilvægt að skoðað verði hvort unnt sé að verða við óskum um nauðsynlega endurnýjun tækja.

Fyrsti minni hluti vekur einnig athygli á vaxandi verkefnum Heilbrigðisstofnunar Austurlands og þeim fjárhagsvanda sem að henni steðjar. Telur 1. minni hluti ástæðu til að tekið verði tillit til aukinna umsvifa stofnunarinnar í fjárlögum.

Rafræn sjúkraskrá.

Síðustu ár hefur 1. minni hluti lagt áherslu á mikilvægi þess að ráðist verði af fullum krafti í að byggja upp heilbrigðisnet og innleiða rafræna samtengda sjúkraskrá í heilbrigðisþjónustunni. Í fjárlagafrumvarpinu kemur fram að 17,5 millj. kr. eru ætlaðar til þess verkefnis. 1. minni hluti telur nauðsynlegt að tekin verði mun markvissari skref til uppbyggingar rafrænnar sjúkraskrár fyrir alla heilbrigðisþjónustu jafnt á sjúkrastofnunum sem á heilsugæslustöðvum og hjá sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmönnum. Er það álit 1. minni hluta að auk hagráðisins af slíku kerfi mundi það tryggja öryggi og betri og greiðari þjónustu fyrir sjúklinga og auka alla skilvirkni í heilbrigðisþjónustunni. Voru gestir nefndarinnar því sammála. Mikilvægt er þó að fyllsta öryggis verði gætt varðandi persónuvernd sjúklinga. Áætlað er að þessi fjárfesting nemi tæpum 2 milljörðum kr. en að fjárhagslegur ávinningur að lokinni fjárfestingu geti numið allt að 850 millj. kr. á ári. Hefur 1. minni hluti bent á að í öllum nálægum löndum væri litið á þetta sem forgangsmál.

Tryggingastofnun ríkisins og fjölgun bótaþega.

Á fundi nefndarinnar með stjórnendum Tryggingastofnunar ríkisins kom fram að stofnunin hefði fengið felldan niður halla sem hafði m.a. skapast vegna verkefna sem stjórnendur

töldu sig hafa vilyrði fyrir. Töldu stjórnendur að í því fælist nýtt upphaf fyrir rekstur stofnunarinnar.

Fyrsti minni hluti fagnar því að í frumvarpinu er gert ráð fyrir 60 millj. kr. fjárheimild til að tryggja hraðari og öruggari afgreiðslu bóta og annarra greiðslna sem stofnunin annast og fækka tafsömum leiðréttingum eins og kostur er á áður afgreiddum bótum ásamt því að stefnt er að því að auka innra eftirlit enn frekar. 1. minni hluti hefur í fyrri álitum sínum lagt áherslu á nauðsyn þess að auka möguleika stofnunarinnar til að hagnýta þær upplýsingar sem hún býr yfir og auka þannig enn frekar möguleika hennar til að greina almannatryggingakerfið. Þá tekur 1. minni hluti undir með stjórnendum stofnunarinnar um að samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga sé ekki nægilega gott sökum þess að þar sé falin ákveðin víxlverkun ef bótaþegar hafa van- eða ofáætlað tekjur sínar. Telur 1. minni hluti nauðsynlegt að ákveðið verði hvar byrjunarreitur fyrir bótaþega eigi að vera til þess að koma í veg fyrir það óhagræði sem nú er við lýði. Kom fram að víða erlendis væri sá reitur hjá lífeyrissjóðunum.

Fyrsti minni hluti hefur undanfarin ár lagt áherslu á mikilvægi þess að greina ástæður mikillar fjölgunar bótaþega sem virðist vera kerfislæg og huga að því hvort svo sé, sérstaklega hvað varðar samspil lægstu launa, atvinnuleysisbóta, bóta félagslegrar aðstoðar og lífeyrisgreiðslna. Þá er enn á ný lögð áhersla á nauðsyn þess að leitað verði leiða til að aðstoða öryrkja við að fóta sig á almennum vinnumarkaði á nýjan leik.

Efling heilsugæslunnar.

Fyrsti minni hluti leggur eins og í fyrri álitum sínum mikla áherslu á eflingu heilsugæslunnar og mikilvægi þess að hún geti sinnt hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðiskerfinu. 1. minni hluti lýsir því yfir ánægju sinni með að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að framlög til heilsugæslunnar hækki um samtals 432,6 millj. kr. og er stærsti hlutinn ætlaður til eflingar heimahjúkrun, þ.e. 200 millj. kr. Þeirri fjárhæð hefur ekki verið skipt niður á svæði en þörfin er mest á höfuðborgarsvæðinu og því eðlilegt að stærsti hlutinn fari til þess. Þá fer hluti í að mæta kostnaði við nýjar stöður heilsugæslulækna, húsnæðiskostnaði og til endurnýjunar samnings um sjúkraflutninga á höfuðborgarsvæðinu og til endurnýjunar samnings við Rauða kross Íslands um útvegum og rekstur sjúkrabifreiða. 1. minni hluti fagnar því sérstaklega að haldið verði áfram að styrkja og efla geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar og að komið verði á fót þverfaglegum greiningar- og meðferðarteymum fyrir börn og ungmenni með geð- og hegðunarraskanir innan heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins þar sem hún hefur áður lagt áherslu á aukin úrræði vegna sálfélagslegra vandamála í öllum aldursþópum og á þverfaglegt starf heilbrigðisstarfsmanna innan heilsugæslunnar.

Öldrunarþjónusta.

Framlög til öldrunarþjónustu hækka um 745,6 millj. kr. milli árana 2006 og 2007 og deilast á ýmis verkefni sem öll eru til þarfrar eflingar þjónustu við aldraða og til fjölgunar hjúkrunar- og dagvistarrýma. 1. minni hluti fagnar því sérstaklega að ætlaðar séu 500 millj. kr. til að bæta rekstrarstöðu hjúkrunarheimila en þau framlög eru tengd við nýtt mönnunar- og reiknilíkan. Í máli fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins kom fram að reiknilíkan til skiptingar heildarfjárhæðum hjúkrunarrýma hefði verið í notkun frá árinu 2003 og frá upphafi verið í stöðugri þróun. Til að styrkja greiðslulíkanið hefði ráðuneytið hannað sérstakt mönnunarlíkan sem byggist á raunverulegum tímamælingum við umönnun hjúkrunarsjúklinga. Með tilkomu mönnunarlíkansins næst að tengja greiðslur til einstakra heimila við raunverulegt magn þjónustunnar byggt á ástandi heimilismanna. Kom fram á fundum að sú gagnrýni hefði verið sett fram á núverandi greiðslukerfi að lítill munur væri gerður á greiðslum milli RAI-

þrepa í líkaninu, þ.e. að ekki væri tekið tillit til smæðar heimila, og að lítill hvati væri í greiðslukerfinu til að taka inn þyngstu einstaklingana sem bíða vistunar. Með endurskoðun greiðslulíkansins og tilkomu mönnunarlíkans er komið til móts við þessa gagnrýni og fagnar 1. minni hluti því. Væntir 1. minni hluti þess að í kjölfarið verði gerðir þjónustusamningar við hlutaðeigandi stofnanir með viðeigandi eftirfylgni og gæðæftirliti.

Forsvarsmenn samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu lögðu áherslu á það á fundi með nefndinni að rekstrarhalli stofnana innan samtakanna væri mestur hjá öldrunarstofnunum. Kom fram að helstu skýringar eru launaskrið og verðlagsþróun. Þá bentu þeir á að eðlilegt væri að greidd yrði sanngjörn húsaleiga til heimilanna að frádregnum opinberum framlögum, auk þess sem á heimilin hefðu verið lagðir fasteignaskattar í byrjun árs. Telur 1. minni hluti nauðsynlegt að framangreindar athugasemdir verði hafðar til hliðsjónar við ákvörðun fjárveitinga.

Skipting safnliða.

Fjárlaganefnd óskaði eftir því að nefndin skipti safnliðum á málefnasviði hennar og hefur það verið gert. Nefndin tekur fram að henni þykir rétt að beiðni MS-félags Íslands um fjárstyrk vegna viðbyggingar að fjárhæð 10 millj. kr. verði afgreidd með öðrum hætti en með framangreindum liðum. Óskar nefndin eftir því að fjárlaganefnd finni leiðir til að svo megi verða.

Nefndin gerir að tillögu sinni að AE starfsendurhæfing ehf. (áður Elín Ebba Ásmundsdóttir) fái 4 millj. kr. til starfsendurhæfingar öryrkja. Fyrirhugaður stofn- og rekstrarkostnaður félagsins er hins vegar mun hærri og telur nefndin ástæðu til að hyggja að því með hvaða hætti unnt er að koma frekar til móts við félagið á fjárlögum.

Verkefnið Heilsuþæring Bolungarvík hefur fengið fjármagn á þessum lið. Telur nefndin að það hafi borið ágætan árangur en eigi að falla undir rekstur heilsugæslunnar og forgangsröðun á verkefnum hennar og að sama gildi um verkefnið Vestmannaeyjabær – stofnun heilsuhælis í Vestmannaeyjum, og vísar þeim þess vegna til fjárlaganefndar.

Alþingi, 13. nóv. 2006.

Guðjón Ólafur Jónsson, form., með fyrirvara,
 Ásta Möller,
 Pétur H. Blöndal,
 Sæunn Stefánsdóttir.

Fylgiskjal XII.**Álit**

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (10 Samgönguráðuneyti).

Frá samgöngunefnd.

Samgöngunefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk á sinn fund Halldór Kristjánsson, Jóhann Guðmundsson og Bergþór Ólason frá samgönguráðuneyti og gerðu þeir grein fyrir þeim liðum frumvarpsins sem snerta ráðuneytið. Að auki komu á fund nefndarinnar Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri ásamt Sigurði Grétarssyni til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verkefni Siglingamálastofnunar, Þorgeir Pálsson flugmálastjóri ásamt Sigrúnu Traustadóttur til að ræða þann hluta frumvarpsins sem snýr að verkefnum Flugmálastofnunar og Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri ásamt Auði Eyvinds til að ræða þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem snýr að vegamálum.

Nefndin tekur undir athugasemdir vegamálastjóra sem fram komu á fundi með nefndinni um að hækka þurfi framlög sem ætluð eru til að styrkja almenningssamgöngur en til þeirra teljast ferjur, sérleyfishafar og innanlandsflug. Mörg slík verkefni eru samningsbundin. Þá tekur nefndin undir athugasemdir vegamálastjóra varðandi fjárþörf til viðhalds vega.

Nefndin tekur einnig undir athugasemdir flugmálastjóra um að aukin framlög þurfi í almennan rekstur Flugmálastjórnar Íslands, til flugvalla og flugleiðsöguþjónustu. Mikilvægt er að fjárlaganefnd skoði þessi mál í fjárlagavinnunni.

Loks tekur nefndin undir athugasemdir siglingamálastjóra varðandi höfn í Bakkafjöru. Ef standa á við áform um að höfn í Bakkafjöru verði tilbúin árið 2010 þarf að fást frekari fjárveiting til rannsókna og undirbúnings á árinu 2007. Ekki er að finna nein framlög til þessa verkefnis í frumvarpinu.

Nefndin leggur loks áherslu á að auknum fjármunum verði varið til upplýsingamiðstöðva í ferðaþjónustu.

Engin erindi bárust nefndinni til umfjöllunar undir safnliðnum 10-190-1.12, Vetrarsamgöngur.

Nefndin leggur til skiptingu á safnliðunum 10-190-1.42, Gestastofur, söfn og markaðsstarf, og 10-190-1.90, Ýmislegt. Öðrum erindum vísar nefndin aftur til fjárlaganefndar. Erindin eru eftirfarandi: Hornafjörður – upplýsingamiðstöð ferðamanna, Atvinnu- og ferðamálanefnd Flóahrepps – ferðaþjónusta, Bolungarvíkurkaupstaður – ferðamál, Skaftárhreppur – upplýsingamiðstöð í Skaftárhreppi, Mosfellsbær – uppbygging ferðaþjónustu, Markaðsstofa Austurlands, Ferðaþjónustan Suðurströnd ehf., Tálknabyggð ehf. og Ferðafélag Íslands – sæluhúsið í Hvítárnesi.

Guðjón A. Kristjánsson skrifar undir álitid með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Kristján L. Möller, Anna Kristín Gunnarsdóttir og Þórunn Sveinbjarnardóttir skrifa undir álitid með fyrirvara.

Sigurrós Þorgrímsdóttir og Guðjón Hjörleifsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Jón Bjarnason sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur álit þessu en með fyrirvara.

Alþingi, 14. nóv. 2006.

Guðmundur Hallvarðsson, form.,
Anna Kristín Gunnarsdóttir, með fyrirvara,
Hjálmar Árnason,
Kristján L. Möller, með fyrirvara,
Þórunn Sveinbjarnardóttir, með fyrirvara,
Jón Kristjánsson,
Guðjón A. Kristjánsson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIII.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (11 Iðnaðarráðuneyti).

Frá iðnaðarnefnd.

Iðnaðarnefnd hefur að beiðni fjárlaganefndar farið yfir þá þætti fjárlagafrumvarpsins sem eru á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, og bréf fjárlaganefndar frá 5. október 2006.

Nefndin fékk á sinn fund Kristján Skarphéðinsson, Guðjón Axel Guðjónsson, Svein Þorgrímsson og Sigurrós Hilmarsdóttur frá iðnaðarráðuneyti og skýrðu þau þá liði frumvarpsins sem varða ráðuneytið og stofnanir þess.

Heildargjöld iðnaðarráðuneytisins árið 2007 eru áætluð um 5.015 millj. kr. á rekstrargrunni. Frá dragast sértækjur að fjárhæð 797 millj. kr. en þær nema 15,9% af heildargjöldum ráðuneytisins.

Helstu breytingar á milli ára eru að rekstrargjöld ráðuneytisins hækka um 17 millj. kr. frá fjárlögum þessa árs. Auk launa- og verðlagshækkana munar þar mest um nokkur framlög sem veitt voru til tímabundinna verkefna en þau nema alls 48,4 millj. kr. sem koma til lækkunar.

Framlag til neyslu- og rekstrartilfærslna hækkar um 81 millj. kr. Auk launa- og verðlags-hækkana munar þar mest um í fyrsta lagi 70 millj. kr. aukið framlag til byggðamála og í öðru lagi hærri fjárheimildir til Samtaka iðnaðarins sem nemur 45 millj. kr. Í þriðja lagi er lagt til að framlag til Tækniþróunarsjóðs hækki um 40 millj. kr. Loks fellur niður endurgreiðsla til Rarik um samtals 153 millj. kr.

Iðnaðarnefnd leggur áherslu á að tryggt verði nægt fjármagn til vaxtasamninga sem gerðir hafa verið og munu verða gerðir þannig að fylgja megi eftir markmiðum þeirra.

Nefndin leggur einnig áherslu á að fjárlaganefnd skoði í fjárlagavinnunni stöðu starfsnáms. Mikilvægt er að stórefla og styrkja starfsnám í framhaldsskólum landsins.

Fimm erindi bárust nefndinni til umfjöllunar undir safnliðnum 11-299-1.50, Nýsköpun og markaðsmál. Í fyrra var liðurinn 30 millj. kr. en í ár 4 millj. kr. Í því ljósi og þar sem sótt er um 38 millj. kr. vísar nefndin öllum erindum aftur til fjárlaganefndar.

Katrín Júlíusdóttir og Drífa Hjartardóttir skrifa undir álitid með fyrirvara vegna setu í fjárlaganefnd.

Jóhann Ársælsson og Sigurjón Þórðarson skrifa undir álitid með fyrirvara.

Helgi Hjörvar og Gunnar Örlygsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Steingrímur J. Sigfússon sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi og er hann samþykkur álitid þessu en með fyrirvara.

Alþingi, 9. nóv. 2006.

Hjálmar Árnason, form.,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara,
Jóhann Ársælsson, með fyrirvara,
Sigríður A. Þórðardóttir,
Katrín Júlíusdóttir, með fyrirvara,
Guðjón Guðmundsson,
Sigurjón Þórðarson, með fyrirvara.

Fylgiskjal XIV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (14 Umhverfissráðuneyti).

Frá meiri hluta umhverfisnefndar.

Umhverfisnefnd hefur fjallað um þann hluta fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði nefndarinnar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, og bréf fjárlaganefndar til umhverfisnefndar, dags. 5. október 2006.

Á fund nefndarinnar komu Hrafnhildur Þorvaldsdóttir frá umhverfissráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun og Davíð Egilsson og Þórey Guðmundsdóttir frá Umhverfisstofnun.

Heildargjöld umhverfissráðuneytis árið 2007 eru áætluð 5.604 millj. kr. á rekstrargurnni og dragast frá sértekjur að fjárhæð 882 millj. kr. Gjöld umfram tekjur eru um 4.772 millj. kr. og af þeirri fjárhæð eru 2.619 millj. kr. fjármagnaðar með beinu framlagi úr ríkissjóði og 2.103 innheimtar af ríkistekjum. Rekstargjöld ráðuneytisins að frádregnum sértekjum eru áætluð 3.170 millj. kr. og hækka um 206 millj. kr. frá fjárlögum. Að launa- og verðlags-hækkunum frátöldum munar þar mest um hækkun á útgjöldum Úrvinnslusjóðs um 130 millj. kr. Af öðrum verkefnum má nefna tillögu um 10 millj. kr. hækkun fjárveitinga til Umhverfisstofnunar vegna ýmissa verkefna og 8 millj. kr. framlag til Náttúrufræðistofnunar til gerðar náttúrufarskorta.

Í álit meiri hluta umhverfisnefndar til fjárlaganefndar við meðferð frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2006 lagði meiri hlutinn áherslu á að fé þyrfti að veita til gerðar náttúrufrumvarpskorta, þ.e. jarðfræði-, gróðurfræði- og vistgerðarkorta fyrir landið. Í fjárlagafrumvarpinu er nú gert ráð fyrir að sú 8 millj. kr. fjárveiting, sem veitt var tímabundið til framangreinds verkefnis á fjárlögum 2006, falli ekki niður heldur verði að varalegri fjárveitingu til áframhaldandi vinnu við gerð kortanna. Meiri hlutinn lýsir ánægju sinni með að áfram verði veitt fé til þessa verkefnis og vonast til að gerð kortanna ljúki innan þess tímaramma sem getið er í frumvarpinu, þ.e. á fimm árum.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir 5 millj. kr. fjárveitingu til að styrkja rekstrargrunn úrskurðarnefndar um skipulags- og byggingarmál. Helgast þessi fjárveiting af miklum fjölda mála sem safnast hefur upp hjá nefndinni og þarf nefndin af þeim sökum að fjölga starfsfólki. Meiri hlutinn telur óásættanlegt að enn sé allt að tveggja ára bið eftir úrskurði hjá nefndinni enda á þetta úrræði að vera til þess fallið að flýta fyrir málsmeðferð og vera til hagræðis fyrir borgarana.

Nefndinni hafa borist fimmtán umsóknir um fjárveitingu af safnliðum og gerir meiri hluti nefndarinnar að tillögu að þrjú þeirra fái styrk. Hins vegar vísar meiri hlutinn umsókn Skotveiðifélags Íslands til baka til fjárlaganefndar og telur rétt að verkefni félagsins heyri undir þá fjárveitingu sem gerð er tillaga um í frumvarpinu á viðfangsefni 14-140-1.36 Rannsóknir og útrýming á mink. Meiri hluta nefndarinnar list vel á hugmyndir félagsins en það óskar eftir 3,6 millj. kr. vegna átaks sem það hyggst gera í eyðingu á ref og mink. Mikil fjölgun hefur orðið í báðum stofnum sl. 4–6 ár og fuglalíf látið á sjá vegna þess. Á fjárlögum sl. árs voru veittar 46,5 millj. kr. til sama viðfangsefnis og í frumvarpinu er nú gert ráð fyrir 48,3 millj. kr. til rannsókna og útrýmingar á mink. Meiri hlutinn telur eðlilegt að beiðni Skotveiðifélags Íslands rúmist innan þessa ramma.

Drífa Hjartardóttir skrifar undir álit með fyrirvara þar sem hún á sæti í fjárlaganefnd.

Alþingi, 13. nóv. 2006.

Guðlaugur Þór Þórðarson, form.,
Kristinn H. Gunnarsson,
Drífa Hjartardóttir, með fyrirvara,
Kjartan Ólafsson,
Sigurrós Þorgrímsdóttir.

Fylgiskjal XV.

Álit

um frv. til fjárlaga fyrir árið 2007 (14 Umhverfisráðuneyti).

Frá minni hluta umhverfisnefndar.

Nefndin hefur fjallað um þann kafla fjárlagafrumvarpsins sem er á málefnasviði hennar, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis. Nefndin fékk á sinn fund Hrafn-

hildi Þorvaldsdóttur frá umhverfissráðuneyti, Jón Gunnar Ottósson frá Náttúrufræðistofnun, Stefán Thors frá Skipulagsstofnun og Davíð Egilsson og Þóreyju Guðmundsdóttur frá Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun.

Í september skilaði Ríkisendurskoðun stjórnarsýsluúttekt um Umhverfisstofnun. Í úttektinni felst áfellingisdómur yfir framkvæmdarvaldinu sem fór í ótímabæra sameiningu starfandi stofnana með samþykkt laga nr. 90/2002, um Umhverfisstofnun, og telur Ríkisendurskoðun að hvorki hafi orðið faglegur né fjárhagslegur ávinningur af sameiningunni. Úttektin leiðir í ljós alvarlega samskiptabresti milli umhverfissráðuneytisins og stofnunarinnar. Þannig hafi aldrei verið smíðuð sameiginleg markmiðsgreining ráðuneytis og stofnunarinnar sem hljóti að vera forsenda skilvirkrar starfsemi bæði hvað varðar stjórn málasviða og fjármál stofnunarinnar. Á fundi með nefndinni staðfesti forstjóri Umhverfisstofnunar það sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar, að það skorti á sameiginlegan skilning ráðuneytisins og stofnunarinnar hvað varðar fjárþörf. Þetta varðar sérstaklega sértekjukuröfu og starfsmannþörf. Sértekjukrafan sem frumvarpið gerir til stofnunarinnar er óraunhæf, en hún er hækkuð úr 57,5 í 128 millj. kr. Það er mat minni hlutans að hér sé seilst of langt og að lækka þurfi sértekjukröfuna um 40 millj. kr. Stofnunin hefur sótt um auknar fjárheimildir til að auka vægi dýraverndarmála. Minni hlutinn telur þetta málasvið þurfa aukinn kraft og telur að finna verði lausn til frambúðar. Einnig vill minni hlutinn að sérstaklega verði skoðaðir möguleikar á að auka fjármagn það sem fer til rekstrar og viðhalds þjóðgarða. Þá telur minni hlutinn nauðsynlegt að stofnunin hraði innleiðingu Reach-tilskipunarinnar um efnavörur og vatnatilskipun ESB. Það hlýtur að vera sameiginlegt verkefni stjórnvalda og stofnunarinnar að koma sér saman um forgangsröðun verkefna og fjármögnun í samræmi við það. Hvatt er til þess að farið verði að ábendingum Ríkisendurskoðunar og að vinnu við að færa starfsemi Umhverfisstofnunar til betra horfs verði hraðað.

Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fjárhagsleg staða Náttúrufræðistofnunar Íslands er afar tæp um þessar mundir, vegna óhóflegrar sértekjukröfu frumvarpsins og vegna þess að fjárveitingar fylgja ekki launa- og verðlagsbreytingum. Launakostnaður og húsaleiga er orðin afar hátt hlutfall af rekstrar-kostnaði stofnunarinnar.

Á síðasta ári var loksins orðið við síendurtekinni beiðni Náttúrufræðistofnunar Íslands um að sértekjukrafa stofnunarinnar yrði lækkuð. Náðist að lækka áætlaðar sértekjur um 25 millj. kr. Var það talsverður léttir þótt lækkunin hefði í raun þurft að vera meiri eða rúmar 40 millj. kr. Einnig var brugðist við erfiðri stöðu stofnunarinnar með því að þurrka út rekstrarhalla að upphæð 39 millj. kr. í fjárukalögum fyrir 2005. Þessar lagfæringar eru teknar til baka með því fjárlagafrumvarpi sem nú liggur fyrir. Samkvæmt því er Náttúrufræðistofnun Íslands eina stofnun umhverfissráðuneytisins sem fær lægri fjárveitingu en á yfirstandandi ári. Því er fyrir-sjáanlegt að stofnunin verði rekin með halla á næsta ári. Að óbreyttu stefnir því í að uppsafnaður rekstrarhalli verði 80–90 millj. kr. í lok árs 2007. Það er mat minni hlutans að niðurstöður stjórnarsýsluúttektar Ríkisendurskoðunar frá 2004 um stofnunina séu raunhæfar og að leiðréttu verði fjárhagsgrundvöll stofnunarinnar til frambúðar eigi hún að geta sinnt lögboðnum verkefnum. Minni hlutinn telur að veita þurfi stofnuninni úrlausn á fjárukalögum 2006 sem nemi 25–30 millj. kr. en auk þess þurfi að hækka framlög til stofnunarinnar í frumvarpi til fjárlaga 2007 um annað eins, fyrir utan eðlilegar leiðréttingar vegna launa- og verðlags-

hækkana. Þá er brýnt að færa óraunhæfa sértekjukuröfu sem gerð er til stofnunarinnar í frumvarpinu niður um 30 millj. kr.

Skipulagsstofnun.

Þriðja stofnunin sem umhverfisnefnd kynnti sér sérstaklega við umfjöllun um fjárlög fyrir árið 2007 er Skipulagsstofnun. Hjá henni er svipað uppi á teningnum og hinum fyrrnefndu hvað varðar sértekjur. Skipulagsstofnun hefur glímt við of háa sértekjukuröfu allt frá árinu 2003 og er nú svo komið að jákvæður höfuðstóll stofnunarinnar er uppurinn. Ef ekki fæst leiðrétting á kröfunni sem sett er fram í frumvarpinu stefnir í hallarekstur. Frumvarpið gerir ráð fyrir 16,6 millj. kr. sértekjum en óraunhæft er að reikna með að þær verði hærri en 10 millj. kr. Það er mat minni hlutans að lækka eigi kröfuna í frumvarpinu um 6,6 millj. kr.

Alþingi, 15. nóv. 2006.

Kolbrún Halldórsdóttir,
Ásta R. Jóhannesdóttir,
Mörður Árnason,
Rannveig Guðmundsdóttir.